

Velkomin í krepuna

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ HERÐA SULTARÓLINA



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. mars 2008 – 86. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR


**BLÁA REIDHJÓLIÐ
VINSÆLT Á NÓTTUNNI**

Íslendingar virðast síður en svo hafa gleymt miðilsfundi Dúdda í kvikmyndinni Með allt á hreinu.

HELGARVIÐTAL 14



FYLGIR Í DAG
VEÐRIÐ Í DAG



ÁFRAM VINDASAMT Nú með morgninum verður NA-hvassviðri suðaustan til annars strekkingur. Bætur í vind norðvestan til seint í dag. Bjart veður syðra annars snjóeða slydduél. Heldur mildara veður.

VEÐUR 4

OPIÐ FRÁ 13 TIL
78
Á SUNNUDÖGUM

Kringlan

Lögregluþjónum hefur fækkað eftir sameiningu

Lögreglumenn á höfuðborgarsvæðinu eru ósáttir við fækkun í lögregluliðinu og kenna fjárskorti um. Fækkað hefur um fleiri en alla almenna lögreglumenn í Hafnarfirði fyrir sameiningu. Á sama tíma fjölgar íbúum. Formaður Lögreflufélags Reykjavíkur segir fækkunina ná yfir allar deildir lögreglunnar.

LÖGREGLUMÁL Nokkur órói er meðal lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu vegna fækkunar í lögregluliðinu. Frá því 1. janúar 2007, þegar nýtt embætti lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu tók yfir lögregluembættin í Reykjavík, Kópavogi og Hafnarfirði, hefur lögreglumönnum fækkað á sama tíma og íbúum hefur fjölgað.


Lögreglumönnum á höfuðborgarsvæðinu fækkaði úr 347 1. febrúar 2005 í 339 1. febrúar í fyrra. Af þeim hefur almennum lögreglumönnum fækkað úr 148 í 124 eða um 24 sem eru rúm 16 prósent. Til viðmiðunar voru almennir lögreglumenn í Hafnarfirði átján talsins árið

2005 og fimmtán í Kópavogi svo sjá má að fækkunin er umtalsverð.

„Okkur hefur fækkað, það er alveg óhætt að fullyrða það,“ segir Óskar Sigurpálsson, formaður Lögreflufélags Reykjavíkur, en það nær yfir félagssvæði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Óskar staðfestir að fækkunin nái yfir allar deildir lögreglunnar. Hann bindur þó vonir við að fjölgad verði í liðinu í vor. „Lögreglustjóri er búinn að lýsa yfir að auglýst verði eftir fólki. Bæði þurfum við menn út af sumarfríum og svo vantar okkur tilfínanlega fleiri menn.“

Eins og áður nefna lögreglumenn fjárskort sem aðalástæðu þess að fækkað hafi í liðinu. Að

FJÖLDI LÖGREGLUMANNA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU



almennar hækkanir, til dæmis á eldsneyti, skili sér seint í hærri fjárframlögum til rekstrarins.

Í tilkynningu á heimasíðu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá 3. janúar 2007 segir að í drögum að grundvallarstefnumótun embættisins hafi verið haft að leiðarljósi að auka öryggi og öryggis tilfinningu þeirra sem búa, starfa og dveljast á höfuðborgarsvæðinu. Er aukin sýnileg lög-gæsla efst á lista yfir lykilaðtti sem embættið telur mestu skipta til að þeim markmiðum verði náð.

Heimildarmaður innan lögreglunnar sagði það sjálfsagt allt gott og blessað en ekki sé hægt að auka sýnileika eflögreglumönnum fækkar.

- ovd



SLÖMMIÐ Í MIÐBORGinni Birna Þórðardóttir, sem rekur fyrirtækið Menningarfylgd Birnu, lóðsaði gesti um slóðir „slömmlordanna“ í miðborg Reykjavíkur í gær. Í gönguferðunum sýnir Birna yfirleitt menningarverðmæti borgarinnar, en í þetta sinn var ferðinni heitið um niðurnidda ranghala Reykjavíkurborgar.

FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Ólafur F. Magnússon borgarstjóri segir óviðunandi ástand í miðbæ Reykjavíkur:

Heitir endurreisn í miðbænum

UMHVERFISMÁL „Öryggismál miðborgarinnar og endurreisn Laugavegarinnar eru mín hjartans mál,“ segir Ólafur F. Magnússon borgarstjóri sem kveður ástandið í miðbæ Reykjavíkur óásættanlegt vegna húsa sem þar drabbast niður.

„Ég lofa því að þessi mál verða sett á dagskrá alveg á næstunni og að snúa vörn í sókn. Þetta óviðunandi ástand er arfleidd frá fyrri meirihlutum sem við ætlum okkur að bæta úr,“ segir Ólafur sem boðar áætlun um stóruaukið öryggi og bættu umgengni á Laugavegi og annars staðar í miðborginni.

Frank Michelsen úrsmíðameistari sagði sig í gær úr stjórn Miðborgar Reykjavíkur vegna óánægju með tök borgarstjórna á miðborginni. „Útigangsmenn, ofdrykkjumenn og döpistar fara um í flokkum, veitast að vegfarendum og angra verslunarfólk, hræða það og stela vörum. Þetta er algjörlega óviðunandi og óásættanlegt,“ sagði í yfirlýsingu frá Frank.

„Ég geri mér vel grein fyrir alvarleika málsins og ætla mér að bregðast við. Ég held að bæði umræðan og tillögur í borgar-

stjórninni á næstunni muni leiða það í ljós,“ segir borgarstjórinn sem leggur áherslu á að vanda þurfi til verka.

„Umræðan hefur leitt í ljós að þeim borgum sem bera gæfu til að sameina söguna og uppbygginguna í miðborginni vegni betur til lengra tíma litið,“ segir borgarstjóri og ítrekar verkin verði látin tala. „Þess mun sjá stað eftir tvö ár að það hefur orðið veruleg umbreyting til hins betra í miðborginni og sérstaklega á Laugaveginum. Ég heiti því.“

- gar

Ástin blómstrar á ný:

Svanur tekur saman við bát

ÞÝSKALAND, AP Svarti svanurinn Petra hefur endurnýjað ástarsamband sitt við arabát í svanslíki í dýrargarðinum í Münster í Þýskalandi.

Petra varð svo ástfangin af bátnum fyrir tveimur árum að hún eyddi öllum stundum við hlið hans. Undanfarna mánuði hafði Petra hins vegar gert sér dælt við raunverulegan hvítan svan.

Þegar svanurinn yfirgaf hana fyrir viku og kramdi hjarta hennar ákváðu starfsmenn dýrargarðsins að kynna hana aftur fyrir arabátnum geðþekka.

- sgi



SÆT SAMAN


OPIÐ
til **20**

alla daga
í öllum
verslunum

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

HUGURINN BER ÞIG
AÐEINS HÁLFA LEIÐ

ISENSKASIA.IS ICE-41718-03/08



**50%
AFSLÁTTUR
FYRIR BÖRN**

SÖLUTÍMABIL 31. MARS–4. APRÍL
FERÐATÍMABIL TIL OG MEÐ
31. DESEMBER

24 ÁFANGASTAÐIR

+ Bókaðu ferð á www.icelandair.is

Það hefur aldrei verið hagstæðara fyrir barnafjölskyldur að ferðast til útlanda saman. Frá 31. mars til og með 4. apríl bjóðum við 50% barnaafslátt af öllum Economy og Best Price fargjöldum okkar fyrir börn 11 ára og yngri til allra áfangastaða okkar erlendis. Afslátturinn reiknast af fargjaldi án flugvallarskatta og barnaflugvallarskattar bætast svo við. Nýtið einstakt tækifæri! Njótið þess að fljúga saman!

Safnaðu
Vildarpunktum

VISA Punktarir upp í  Ferðaávisun gildir



WWW.ICELANDAIR.IS



Nýtt upphaf



Auris Sol - Sérstakt aukahlutatilboð

Aukahlutapakki að andvirði 150.000 kr. fylgir með.
Álfelgur og sex diska geislaspilari.

Aðeins takmarkað magn af bílum á þessu aukahlutatilboði.

Auris er bíll sem er hannaður utan um þig og tilveru þína. Finndu hjóðláta snerpuna. Leyfðu honum að flytja þig þangað sem þú vilt. Leyfðu þér að skoða hann, reynsluaka. Þá stenstu ekki mátið.

Dísil Auris

Nú er Auris líka fáanlegur með Toyota D-4D dísilvélinni, en sú tækni tryggir þér hjóðlátari, sparneytnari og aflmeiri akstur en áður hefur þekkt, auk þess sem D-4D dísilvélin er mun umhverfisvænni kostur en sambærileg bensínvél.

Kynntu þér eiginleika D-4D dísilvéla Toyota. Kostirnir leyndu sér ekki.

Verð frá: 2.895.000 kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Míðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070



TAX FREE

DAGAR

Dagana 28.-30. mars
afnenum við VSK af
ÖLLUM FATNAÐI.

Þú færð allan dömu-,
herra- og barnafatnað,
undirföt, sokka
og sokkabuxur án
virðisaukaskatts
þessa þrjá daga.

*Fatnaður á alla
fjölskylduna*

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari
sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 30. mars 2008.

OPÍÐ
til **20**
alla daga

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

**TVÖFALDIR
VILDAR-
PUNKTAR
TIL 1. APRÍL**

**HJÁ VILDARFYRIRTÆKJUM
VISA OG ICELANDAIR**

Handhafar Vildarkorts VISA og Icelandair safna Vildarpunktum hraðar með því að beina viðskiptum sínum til Vildarfyrirtækja Vildarklúbbsins. Frá 17. mars til 1. apríl fá þeir tvöfaldan afslátt í formi Vildarpunkta þegar þeir greiða með kortinu sínu.



Meðal Vildarfyrirtækjanna eru:
PRÍR FRAKKAR HJÁ ÚLFARI, Baldursgötu 14
HÓTEL HOLT, Bergstaðastræti 37
LA PRIMAVERA, Austurstræti 9
ARGENTÍNA STEIKHÚS, Barónsstíg 11a
VOX RESTAURANT, Hilton Hótel, Suðurlandsbraut 2

VISA



Vildarklúbbur

WWW.VILDARKLUBBUR.IS



LEIÐTOGAR ARABARÍKJANNA Fundað er án fulltrúa Egypta, Jórdana og Sádi-Araba.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Leiðtogar arabaríkjanna funda:

Sundrung á fundi arabaríkja í gær

DAMASKUS, AP Stuðningsríki Bandaríkjanna, Sádi Arabía, Egyptaland og Jórdanía, sniðgengu ráðstefnu leiðtoga Arabaríkjanna sem hófst í Damaskus í gær. Vegna fjarveru þessara ríkja á ráðstefnunni hófust skarpar umræður gegn Ísrael.

Leiðtogar þessara landa ásaka Sýrland um að standa í vegi fyrir forsetakosningum í Líbanon og telja að sýrlensk stjórnvöld vinni að yfirráðum í landinu. Einnig eru ríkin uggandi vegna sambands Sýrlendinga við Íran og stuðnings þeirra við Hamas-samtökin í Palestínu.

Forseti Sýrlands, Bashar Assad, neitaði ásökunum um afskipti af Líbanon en sagði Ísraela fremjafjöldamorðá Palestínumönnum. Hann skoraði á ríkin fjarverandi og Bandaríkin að þrýsta á Ísrael um að fylgja aðgerðum um frið.

Mahmoud Abbas, forseti Palestínu, var svartsýnn á friðarviðræður Palestínu og Ísraels sem hófust í desember og sagði næstu mánuði ráða úrslitum. „Ef við náum ekki samkomulagi fyrir árslok þýðir það að spennan mun enn magnast og allt svæðið missir trúna á frið.“

-rat

5125050
Auglýsingasími
- Mest lesið


GÆÐAÁRGANGAR 2004-2006

NÆSTUM NÝIR PAJERO JEPPAR

Við eigum gott úrval Pajero jeppa af árgerðum 2004 og 2006. Þeir eru allir í toppstandi, á frábæru verði og til í ótal útfærslum. Dráttarbeisli fylgir öllum bílum.

Komdu í Bílaþing og skoðuðu alvöru jeppa sem eru rétt að hefja langt og skemmtilegt líf.

Ekki missa af Pajero!



Opið 10-18 virka daga og 12-16 laugardaga

Laugavegi 174
Kletthálsi 11

sími 590 5040
sími 590 5040

www.bilathing.is
bilathing@bilathing.is

BÍLAÞING HEKLU

Númer eitt í notuðum bílum



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

AUGLÝSING UM INNTÖKU NÝNEMA Í LÖGREGLUSKÓLA RÍKISINS HAUSTÖNN 2008 OG VORÖNN 2009



Auglýst er eftir hæfum umsækjendum sem áhuga hafa á að stunda almennt lögreglunám við grunnnámsdeild Lögregluskóla ríkisins og síðan að sækja um starf í lögreglunni. Nám á tveimur byrjendaönnum er auglýst saman. Nám í Lögregluskólanum stendur í a.m.k. tólf mánuði og skiptist í þrjár annir. Fyrsta önn, tæpir fjórir mánuðir, er ólaunuð. Þeim nemum sem standast próf á önninni skal ríkislögreglustjóri sjá fyrir launaðri starfsþjálfun í lögreglu ríkisins í a.m.k. fjóra mánuði, nú átta mánuði. Að lokinni starfsþjálfunarönn tekur við launuð þriðja önn, tæpir fjórir mánuðir, í Lögregluskólanum sem lýkur með prófum. Ákveðið hefur verið að starfsþjálfun standi yfir í 8 mánuði og námið í heild stendur því yfir í 15-16 mánuði. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Landssambands lögreglumanna.

- **Haustönnin hefst í byrjun september 2008 og náminu lýkur í desember 2009.**
- **Vorönn hefst í byrjun janúar 2009 og náminu lýkur í apríl 2010.**
- **Umsóknarfrestur er til 25. apríl nk.**

Fram kemur á umsóknareyðublaði að umsækjendur eru beðnir að merkja greinilega við þá önn sem þeir velja. Ef þeim er sama hvora önnina þeir stunda, merkja þeir við báðar annirnar.

RÉTTINDI SEM NÁMIÐ VEITIR:

Hver sá sem lýkur almennu lögreglunámi með fullnægjandi árangri er hæfur til að sækja um laus störf lögreglumanna í lögreglu ríkisins. Hann þarf að uppfylla skilyrði lögreglulaga til að geta hlotið skipun til slíkra starfa til fimm ára í senn.

AÐ HVERJUM ER LEITAÐ?

Lögreglustarfið er um margt spennandi og krefjandi vettvangur fyrir dugandi fólk, enda eru líklega ekki gerðar jafn fjölþættar kröfur til umsækjenda um mörg önnur störf. Gerð er krafa um lágmarks menntun en líka gott líkamlegt og andlegt atgervi, því í lögreglustarfinu reynir á ýmsa ólíka eiginleika þeirra sem því sinna. Reyndin er sú að umsækjendur hafa fjölbreyttan bakgrunn og lögreglan hefur í gegnum tíðina fengið til liðs við sig afbrigðs starfsfólk með t.d. iðnmenntun og aðra fagmenntun auk þess sem háskólamenntuðum hefur fjölgað á síðustu árum. Þá er góður kostur að hafa fjölbjódlega reynslu.

Leitað er að skynsömum, jákvæðum, hraustum og reglusömum körlum og konum sem eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Upplýsingar um inntökuskilyrðin, námið, inntökuprófin, umsóknareyðublöð og handbók valnefndar, er hægt að nálgast á lögregluvefnum, www.logreglan.is, undir Lögregluskóli ríkisins / inntaka nýnema. Nánari upplýsingar gefur Gunnlaugur V. Snævarr, yfirlögregluþjónn hjá Lögregluskóla ríkisins í síma 577 2200.

30. mars 2008

RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

Laugavegurinn er ljótur blettur á miðborginni

UMRÆÐAN

Skipulagsmál

Laugavegur er Lórjúfanlegur hluti af miðborgarmyndinni. Þar á að blómstra verslun í bland við ýmsa þjónustu og íbúabyggð. Því miður verð ég að segja að Laugavegurinn kemur mér nú dag fyrir sjónir sem skemmdur tanngarður.



FANNÝ GUNNARSDÓTTIR

Auðvitað eru falleg gömul og ný hús við götuna en alltof mikið er af niðurníddum og auðum húsum. Inni á milli gapa við vegfarendum tómir grunnar húsa sem flutt hafa verið úr stað eða rifin. Stjórnevöld verða að skoða hvort herða beri reglur um

skyldur eigenda húsa og lóða og nýta tiltæk viðurlög. Það er ekki hægt að leyfa eigendum að draga við sig eðlilegt viðhald og uppbyggingu. Borgaryfirvöld geta heldur ekki dregið eigendur á nauðsynlegum framkvæmdaleyfum.

Veggjakrot bætir síðan gráu ofan á svart. Reynt hefur verið að sporna við

því en betur má ef duga skal. Auð og niðurnídd hús bjóða heim sóðaskap og borgaryfirvöld verða að taka til hendinni. Það verður að einhenda sér í aðgerðir með aðkomu allra hagsmunaaðila. Það má engan tíma missa því ástandið hefur aldrei verið verra! Laugavegurinn hefur

ekki það aðdráttarafl sem áður var og fyrr en við er litið hefur skapast vítahringur sem erfitt verður að brjóta út úr.

Á undanförunum áratugum höfum við sveiflast á milli hugmynda um framtíð miðborgarinnar. Það hafa verið kynntar til sögunnar hugmyndir um að breyta þeirri götumynd sem við þekkjum í dag, nýir straumar og stefnur í húsagerðarlist fengið að leika um svæðið og ný hús skotið rótum inn á milli eldri húsa. Sitt sýnist hverjum um hvernig til hafi tekist og um ágæti þess að blanda saman mismunandi stílbrigðum. Einnig hafa verið uppi hugmyndir um að varðveita og viðhalda að mestu gömlu götumyndinni við Laugaveg. Eigendur húseigna, lóðaeigendur,

verslunarrekendur, íbúar við götuna og borgaryfirvöld hafa því miður ekki alltaf gengið í takt. Nægir þar að nefna mismunandi hugmyndir um hæð húsa við götuna, varðveislu eldri húsa og þéttleika byggðarinnar.

Í raun komum við Reykvíkingar okkur ekki saman um það hvernig við viljum sjá Laugavegin þróast. Gildismatið er að breytast og sú hugsun að eitthvað hafi menningarlegt gildi vegur æþyngra í hugum fólks. Jafnvel sérfræðingar á sviði húsafriðunar skipta nú um skoðun og raska þar með áður samþykktu skipulagi. Þar með erum við aftur komin á byrjunarreit. En þrátt fyrir mismunandi skoðanir megum við ekki sætta okkur við núverandi ástand.

Í mínum huga er ótalmargt hægt að gera til að bæta ástandið. Það kostar fé en núverandi meirihluti í borginni hlýtur að vera tilbúinn til framkvæmda og sýna í verki raunverulegan áhuga og metnað fyrir hönd svæðisins í heild sinni. Mér finnst ekki sannfærandi að greiða himinháa fjárhæð fyrir tvö hús en leggja ekki fram í kjölfarið heildstæða stefnu um varðveislu, viðhald og uppbyggingu á öðrum húsum við götuna. Það er ekki hægt að eyrnamerkja allt þetta fé tveimur húsum en láta afganginn sigla sinn sjó.

Höfundur er varaformaður Kjör-
dæmasambands Framsóknar-
félaganna í Reykjavík.

Frjálsir Vestfirðir

UMRÆÐAN

Fiskveiðistjórnun

Hún hefur farið nokkuð hátt, sú umræða meðal Vestfirðinga og annarra þeirra sem er annnt um byggðina að helsta



SIGURJÓN ÞÓRÐARSON

ráðið til að snúa við byggðapróuninni, eða réttara sagt byggðahnignuninni, sé að stofna fríríki eða sjálfstjórnarhérað. Mér er mjög annnt um byggðirnar fyrir vestan og fannst á tíðum ferðum mínum sárt að koma til staða þar sem ég sá byggðunum greinilega hnigna frá ári til árs.

Ég hef miklar efasemdir um að það sé rétt eða árangursríkt fyrir þá sem vilja breytingu að leiða talið að einhverju sjálfstæði Vestfjarða og leiða þá talið frá meginmeinsmálinni sem er fiskveiðistöðin. Þá verður að segja eins og er að mikill meirihluti þeirra stjórnálmanna sem hafa komið frá Vestfjörðum hefur stutt kvótakerfið sem hefur grafið undan byggðinni. Það hafa þeir gert þrátt fyrir loforð um annað fyrir kosningar og jafnvel eftir að hafa gengið undir borða á fjölmennum fundum þar sem á hefur verið letrað að orð skuli standa.

Eitt síðasta vöðaverk stjórnálmanna var að setja minnstu bátana inn í alræmt kvótakerfi og það var gert þrátt fyrir viðvaranir og vissu um voveiflegar afleiðingar þess fyrir vestfirskar byggðir. Mun minna hefur heyrst frá bæjarstjórninni á Ísafirði um að verða við álitu mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna en að beita sér fyrir mögulegri byggingu olúhreinistöðvar innan einhverra ára. Samt sem áður liggur fyrir að íslensk stjórnvöld þurfa að bregðast við álitu Sameinuðu þjóðanna eftir örfáar vikur.

Skynsamleg breyting sem opnaði leið Vestfirðinga til sjávarins á ný yrði gríðarleg lyftistöng fyrir vestfirskar byggðir. Þá riður mikið á að þeir sem óska Vestfjörðum og hinum dreifðu byggðum bjartar framtíðar leggist á árar um breytingar í átt að frelsi til fiskveiða á Íslandi.

Höfundur er líffræðingur.

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

VÍÐTÆKARI VEGAVERND



ÓKEYPIS AÐSTOÐ VIÐ GERÐ TJÓNASKÝRSLU

Víðtækari Vegavernd tryggir viðskiptavinum Sjóvá ókeypís aðstoð við gerð tjónaskýrslu, lendi þeir í umferðaróhappi á höfuðborgarsvæðinu.

Hringdu í síma 440 2222 og sérhæfdir, en jafnframt hlutlausir starfsmenn Aðstoðar og öryggis ehf. mæta á staðinn, taka ljósmyndir af vettvangi, skrá nákvæma atvikalýsingu og senda skýrsluna að lokum rafrænt til tryggingafélagsins. Þjónustan er í boði milli kl 7.00-18.30 alla virka daga.



Ítarlegri og öruggari tjónaskýrslur

VEGAVERND – ENN EINN KOSTUR ÞESS AÐ VERA Í STOFNI

SJÓVÁ



**Komdu
nordur!**



Matur



Verslun



Listir



Útivist

Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.


Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsgöðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á visitakureyri.is og nordurland.is

10 kartöfluuppskriftir

Í TILEFNI
AF ÁRI
KARTÖFLUNNAR
2008



[komin í verslanir]

Árið 2008 er tileinkað kartöflunni hjá Sameinuðu þjóðunum, jafnframt á kartaflan 250 ára afmæli á Íslandi og 200 ára afmæli í Eyjafirði. Í því tilefni hef ég tekið saman nokkrar af mínum uppáhalds-kartöfluuppskriftum í bækling. **Bæklingurinn er ókeypis og er fánlegur í matvöruverslunum um land allt. Njótið vel, - Sigga.** (Sigríður V. Bergvinsdóttir, áhugamanneskja um íslenskar kartöflur og framkvæmdastjóri „Ár kartöflunnar 2008“)



íslenskar
kartöflur



Velkomin í kreppuna

Fyrir hálfu ári var góðærissólin hátt á lofti og ekkert í spilunum annað en áframhaldandi sæla. Nú skella á okkur hörmungar úr hverjum fréttatíma, hræðileg tíð er yfirvofandi og ekki er talað um annað en sultarólar sem þarf að herða. Hér eru nokkur ráð til að gera kreppuna bærilegri þar til næsta góðæri skellur á.



FLYTJA ÚT Á LAND

Margir spyrja sig í umferðarteppunni á Miklubraut og hugsa kannski í leiðinni um myntkórfulánið eða lánið með vöxtunum sem verður endurskoðað á næsta ári: Hvern fjárátt er ég að gera hérna? Þetta er fullkomlega eðlileg spurning þegar fasteignaauglýsingarnar eru skoðaðar. Á Siglufirði býðst sem dæmi 389 fermetra steinhús á tveimur hæðum á 32 millur og á Ólafsvík 185 fermetra einbýli á 21 millu. Eina vandamálið er bara að finna svarið við spurningunni: Hvað á ég að gera á Siglufirði? Hvað á ég að gera af mér á Ólafsvík?



SMAKK

Á föstudögum bjóða stórar matvöruverslanir oftast upp á ýmiss konar smakk. Góðlegt sölufolk stendur við borð og hvetur þig til að smakka hitt og þetta. Á góðum degi í Hagkaupum í Smáralind má til dæmis búast við þremur til fjórum matarkynningum; forrétti, aðalrétti og eftirrétti. Sníðugt er að mæta með alla fjölskylduna og fara tvo til þrjú hringi þar til allir eru komnir með magafylli. Í bakaríum má svo yfirleitt fá smakk (best að koma snemma) og bankar bjóða oft upp á ókeypis kaffi og sælgæti.

GERA VERÐSAMANBURÐ

Vilji maður spara er nauðsynlegt að gera verðsamanburð. Þótt það kosti tíma og maður þirri hugsanlega afgreiðslufólk getur það margborgað sig. Svo má skoða síður eins og neytandi.is (leiðarkerfi neytenda), ns.is (neytendasamtökin) og asi.is (verðkannanir á vegum ASÍ). Sá sem okkrar minnst á það svo skilið að við verslum við hann.



SJÓNVARPSUPPTÖKUR

Verið vakandi fyrir sjónvarpsupptökum. Þar má komast í ókeypis snarl og jafnvel bjór ef maður er heppinn. Þessa dagana eru þættirnir Bandið hans Bubba og Svalbarði í gangi. Ókeypis matur, drykkur og skemmtun. Er hægt að biðja um meira í kreppunni?



VATNIÐ

Einn af stærstu kostum Íslands er hreina vatnið sem hér vellur úr hverjum krana. Í langflestum öðrum löndum þarf að borga stórfé fyrir flöskuvatn en hér er það því sem næst ókeypis. Svo höfum við heita vatnið og íslensku sundlaugarnar eru ódýr munaður. Erlendis þyrfti að borga stórfé fyrir að komast í svipaða heilsulind og til dæmis Árbæjarlaugin er. Því er um að gera að nota það sem nothæft er á skerinu hrjóstruga: svolgra í sig vatn og mara í heitum potti. Hvort tveggja er bráðhollt.



BÓKASÖFNIN

Í kreppunni koma bókasöfnin sterkt inn því til hvers að eiga bækur sem maður les hvort sem er bara einu sinni ef maður getur fengið þær lánaðar? Eins margar og maður kemst yfir fyrir 1.300 kall á ári. Í bókasöfnum er líka hægt að komast á netið, 200 kall fyrir hvern klukkutíma og 1.300 kall fyrir tíu tíma í bókasöfnum í Reykjavík.

BETRA DJÖBB

Fín leið til að komast í gegnum kreppuna er að finna sér almennilegt djöbb, eitthvað sem gefur þér miklu meira í aðra hönd en vinnan sem þú ert í núna. Eitt besta djöbb landsins er nú laust til umsóknar, Forsætisráðuneytið óskar eftir framboðum til forsetakjörs. Þetta er algjört dúndurdjöbb: Hátt í tvær millur á mánuði til æviloka, ókeypis húsnæði og bíll í að minnsta kosti fjögur ár, ferðalög og endalaus veisluhöld – er hægt að biðja um meira? Það eina sem þú þarft að gera er að vera „sameiningartákn þjóðarinnar“ og „öruggisventill“ gagnvart Alþingi. Svo þarftu að tala nánast þindarlaust um hina mörgu frábæru kosti Íslands. Með öll þessi hlunnindi í vasanum ætti það nú að vera lítið mál.



IKEA

Ódýrasti veitingastaður landsins er veitingastofa Ikea. Þar má fá ýmiss konar gúmmelaði á hlægilegu verði miðað við aðra veitingastaði á Íslandi. Á meðan fjögurra manna fjölskylda getur tæplega farið út að borða á innan við fimmþúsund kall á „ódyrri“ hamburgarabúllu er gott til þess að vita að í Ikea má kaupa tvo skammta af sænskum kjötbollum og tvo barnaskammta af spagettii ásamt safa fyrir börnin á – haldið ykkur fast – 1.090 krónur! Í eftirrétt má svo fá sér ís í brauðformi á 50 kall stykkið.

TILRAUNADÝR FYRIR NEMA

Það er rándýrt að vera með hár. Sjampó, hárnæring og endalausar ferðir á stofuna. Hagstæðast er því auðvitað að snoða sig reglulega. Mörgum hrýs hugur við tilhugsuninni um nakinn koll og því má benda á iðnskólana. Sætti maður sig við að vera tilraunadýr fyrir nema er hægt að spara fúlgur. Iðnskólinn í Hafnarfirði klippir fólk ókeypis, en borga þarf þúsund kall fyrir permanent og litun. Iðnskólinn í Reykjavík vinnur í hári fyrir brotabrot af almennum verði. Hringið í hárgreiðsludeildirnar og pantíð tíma.



Tannlæknaferðir kosta sitt, en neman í tannlæknaeild Háskólans gera sama gagn og rándýrir tannlæknar. Skoðun og myndataka kostar 2.500 krónur hjá nemunum, en þurfi að gera meira kostar það aðeins þrjátíu prósent af almennum taxta. Kennari er með nemum við aðgerðina og grípur inn í áður en í öfni fer. Sjúklingurinn verður þó að sætta sig við að vera mun lengur í stólnum en vanalega. Upppantað er fram á haust hjá tannlæknanemunum en í ágúst geta áhugasamir pantað fyrir næsta vetur.

Nemar í Nuddskólanum þurfa líka sjálfboðaliða til að æfa sig á og í gegnum heimasíðu Nuddskólans má komast í hið vinsæla nemanudd. Heilsunudd hjá nema kostar 2.500 krónur sem er miklu ódýrara en almennt gjald.

BLÓÐBANKINN

Hádegisverðurinn er aldrei ókeypis nema maður láti dæla úr sér tæplega hálfum lítra af blóði. Í þakklætisskyni fyrir þetta smáræði sem þú gefur til bjargar samborgurum þínum býður Blóðbankinn upp á ágætis mat; brauð og álegg, kex og kaffi og jafnvel súpu. Lúknir spararar segja að föstudagarnir séu gjöfulestir í Blóðbankanum. Það er enginn að telja ofan í þig svo þú getur borðað þig þak. Bara verst að þú mátt ekki gefa blóð oftar en fjórum sinnum á ári og bara þrisvar ef þú ert kvenkyns.



HJÓL

Ef maður fer hjólandi allra sinna ferða er ekki óraunhæft að áætla að maður spari heila milljón á ári. Samkvæmt Félagi íslenskra bifreiðaeigenda kostaði rekstur ódýrasta bíls miðað við 15.000 km akstur á ári rúmlega 700.000 krónur í fyrra, en miðað við bensínverð í dag mun þessi tala hækka umtalsvert á þessu ári. Sé maður síhjólandi er líka óþarfi að borga fyrir aðra líkamsmrækt svo þar bætist duglega við sparnaðar-reikninginn.





ferðalög

[SÉRBLAÐ FRÉTTABLAÐSINS UM FERÐALÖG]

APRÍL 2008

EYJALÍF Á EYSTRASALT

ÆVINTÝRAEYJUR Í ANDA
ASTRID LINDGREN

*DAGAR MEÐ
LANDSLIÐS-
MANNI Í KÖBEN*

VIGNIR SVAVARSSON SEGIR FRÁ
UPPÁHALDSSTÖÐUNUM SÍNUM

ÁSLAUG SNORRADÓTTIR MYNDAR VORGLEÐI Í HELSINKI

FINNLAND

UNDAN FELDINUM

+ SKRALLAÐ Í SKANDINAVÍU, HVÍTAR STRENDUR Á BARBADOS, VOR Í PARÍS,
VALPARAÍSO Í CHILE OG DÁSEMDIR PROVENCE-HÉRAÐS

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

HIÐ EXÓTÍSKA NORÐUR

Anna Margrét Björnsson skrifar

Öft þarf nú ekki að leita langt yfir skammt þegar kemur að ferðalögum. Skandinavía er skammt undan og við gleymum oft að í henni búa ótal ferðamöguleikar. Norðurlönd eru ekki bara djammferð til Köben eða Stokkhólms. Þessi frændlönd okkar búa yfir ótrúlegri náttúrufegurð, heitum sumrum (á okkar mælikvarða að minnsta kosti) og skemmtilegri afþreyingu. Sjálf fæddist ég í Stokkhólmi og man ekki eftir fyrstu árum ævi minnar þar nema í óljósri þoku þar sem bregður fyrir gulum húsum og stórum trjám. Á árunum sem komu í kjölfarið upplifði ég Norðurlöndin, eins og mörg önnur börn, í gegnum ævintýraheim barnabókmenntanna. Ég týndist klukkustundum saman í skógum með Ronju, í fjöllum Nangijala, í dölum Múminálfanna, á Sólbakka með Madditt og Betu og jafnvel í blokkum Óla Alexanders. Í heilanum á mér geymdi ég ávallt þessa mynd af hinu exótíska norðri þar til ég loks byrjaði að sækja þessi lönd heim löngu síðar á ævinni. Ég varð síður en svo fyrir vonbrigðum. Það er ekkert skrítið að hið undursamlega landslag, skógar, vötn, firðir og fljót, hafi veitt svo mörgum rithöfundum innblástur. Og bæirnir minna í raun og veru á Astrid Lindgren bók. Öll börn heillast af skógum. Það er ekkert nema ævintýri fyrir smáfólk að fá að fara í langar gönguferðir innan um ævafornt tré og finna lyktina af laufum og frjósamri jörð. Í skógum búa allskyns dýr og líka vel hægt að ímynda sér að ýmislegt annað og dularfullra leynist á milli greinanna. Í þessu tölublaði skoðum við Helsinki með augum Áslaugar Snorradóttur sem er mikil áhugakona um finnska menningu. Ég heimsoitti Helsinki í fyrsta sinn fyrir um fimm árum síðan. Sú borg kom mér mest á óvart af öllum norrænum borgum. Af einhverjum ástæðum var hún líka minnst „norræn“ af þeim öllum og eitthvað við stemninguna minnti mann á Ísland. En Finnar búa svo líka yfir einhverju allt öðru og mun exótískara: þessum slavneska, melankólíska anda sem hefur gefið þeim stórfenglega hönnun, kvikmyndir, bókmenntir og arkitektúr... jú... og vodka!

Hvernig væri því að sækja frændur heim í sumar. Leigja til dæmis lítið hús á eyju, fara í sánu, synda í stöðuvatni eða leyfa krökkunum að leika í endalausum skógum. Við þurfum ekki að ferðast langt til þess að finna ævintýrin.

ferðalög kemur út mánaðarlega með sunnudagsblaði Fréttablaðsins.

Ritstjóri Anna Margrét Björnsson amb@frettabladid.is
Útlit Arnór Bogason og Kristín Agnarsdóttir
Forsíðumynd Frá Finnlandi, Getty Images
Pennar Anna Margrét Björnsson, Júlía Margrét Alexandersdóttir, Freyri Gígja Gunnarsson
Ljósmyndir Fréttablaðið, Áslauga Snorradóttir
Auglýsingar Stefan P. Jones spj@frettabladid.is



SÆLUDAGAR Í PROVENCE

Matur og slökun í Luberon-hæðum

Éf þú vilt ferðast til hjarta Frakklands er Provence-héraðið dásamlegt fyrir öll skynfæri. Og hvað er betra en hótél sem matarmeistarinn Alain Ducasse hefur endurskapað og gætt stórfenglegri matargerð og falletgri hönnun? Hótelíð Domaine des Andeols er í Luberon-hæðunum og er í raun samsett af nýu gisti húsum sem hægt er að leigja og eru öll innrétuð á ólíkan hátt. Eitt heitir til að mynda listamannshúsið, annað elskendahúsið og hið þriðja eilífðarhúsið. Öll eiga þau það sameiginlegt að

NÝTT

vera rúmgóð og einstaklega smekklega hönnuð og þar að auki hafa gestir aðgang að tveimur sameiginlegum húsum þar sem er að finna veitingastað og tyrkneskt baðhús. Í baðhúsinu er hægt að fara í sund, nudd og gufubað og njóta ýmissa februnarméðferða en á veitingastaðnum ræður matseld Ducasse ríkjum. Þar blandar hann saman hinum dásamlegu kryddjurtum og hráefnum Provence-héraðsins eins og til dæmis tómötum, lambi, smjörbaunum, ólífum, fíkjum og apríkósum úr garðinum. Að sumri til er að sjálfsögðu

hægt að snæða utandyra við kertaljós en að vetri til er snætt í hituðu glerhýsi þar sem er samt sem áður hægt að njóta útsýnis yfir grænar hæðir héraðsins. Eitt það skemmtilegasta við Luberon er allur sá fjöldi markaða sem þar er að finna, meðal annars markað sem selur aðeins trufflur, annar sem selur einungis lífrænar vörur og svo eru einnig forvitnilegir antikmarkaðir þar sem alltaf er hægt að grafa upp einhverja fjársjóði. Bókanir og fleiri upplýsingar er að finna á www.domaine-des-andeols.com

-amb

Á VEIÐUM Vefsíðan www.thecoolhunter.co.uk er algjör snilld fyrir forvitna ferðalanga sem hafa unun af falletgri hönnun, góðum veitingastöðum, áhugaverðum sýningum og nýjum verslunum um heim allan. Það er hægt að verða áskrifandi að fréttabréfinu með tölvupósti og ætti það að verða skyldulesning fyrir alla sem eru að leita að fegurð í heiminum. Ritstjóri vefsins, Bill Tikos, er svo að gefa út bók sem heitir The World's Coolest Hotel Rooms og er væntanleg með vorinu.



VOR OG HAUST Í PARÍS

Séu farþegar Íslandair staddir í París og langi að fá frekari innsýn í borgina býðst þeim aðstoð Laufeyjar Helgadóttur listfræðings við að kynna borginni. Á tímabilinu mars til maí og frá september til desember skipuleggur hún kynnisferðir og af þeim má nefna sérstaka kynnisferð um París þar sem stoppað er á helstu merkisstöðum borgarinnar, gönguferð um Mýrina - eitt af elstu hverfum Parísarborgar - kvöldverður snæddur við Signu og sjálfir Versalir heimsóttir. Áhugasömum Parísarferðalöngum er bent á að bóka ferðir í gegnum tölvupóstinn laufey@noos.fr

BÓKAÐU NÚNA

Leiðsögn íslensks listfræðings um Parísarborg er sniðug lausn fyrir byrjendur í borginni.





Sjáðu undur veraldar

–Spennandi ævintýraferðir á framandi slóðum

Hringferð um Tyrkland

7. - 18. apríl



Verð frá 145.956,-*

á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Kjartan Trausti Sigurðsson

Víetnam og Kambódía

6. - 29. nóvember



Verð frá 457.885,-*

á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Sigmundur M. Andrésson

Suður Afríka og Viktoríufossar

3. - 20. október



Verð frá 493.943,-*

á mann í tvíbýli
Fararstjóri: Sigmundur M. Andrésson

Skemmtisigling: Miðjarðarhafið og Barcelona

30. maí - 13. júní



Verð frá 292.462,-*

á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum
Fararstjóri: Guðmundur Karlsson

Lífsstíls- og dekurferð: New York og suður Karíbahaf

7. - 21. nóvember



Verð frá 283.912,-*

á mann í tvíbýli í ytri klefa með svölum
Fararstjóri: Bjargey Aðalsteinsdóttir

Skemmtisigling: Istanbúl, Eyjahafið og Aþena

15. september - 1. október.



Verð frá 572.990,-*

á mann í tvíbýli í vista suite með glugga
Fararstjóri: Þóra Valsteinsdóttir

Við hjá Úrvali-Útsýn erum sérfræðingar í að skipuleggja langferðir á enda veraldar, jafnt sem styttri borgarferðir, og allt þar á milli. Skemmtisiglingar okkar eru annálaðar fyrir

fjölbreytileika og glæsileika. Við þekkjum réttu leiðina að töfrum Asíu, sólríkum strandhéruðum Suður-Evrópu og í gleðina í Karíbahafinu. Hafðu samband og kynntu þér málið á www.uu.is.

*Innifalið: Sjá nánar á www.uu.is
Efbokað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.



MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM

Í FARTESKINU

Góðar ferðatöskur eru bráðnaudsýnlegar í ferðalagið og þá verður maður að hafa í huga hvert er verið að fara. Best er að fara með harðar töskur til Bandaríkjanna, nettar og praktískar töskur í helgarferðina sem hægt er að koma fyrir í farþegarýminu og svo þarf maður jú eina rúmgóða fyrir langferðina sem hægt er að fylla því það er aldrei að vita hvað maður rekst á og vill hafa í farteskinu heim aftur. Í Kisunni fást afskaplega svalar og liprar ferðatöskur frá þýska gæðamerkinu Rimowa. Þær eru fánlegar í ýmsum stærðum og gerðum, annaðhvort úr fisléttu áli eða úr einskonar plast- og gúmmíblöndu sem er afskaplega sterk en samt sveigjanleg. Kísan, Laugavegi 7.



Norræna er alltaf að bæta þjónustuna um borð og nú nýlega var þar tekinn í notkun bíosalur.



NORRÆNA HEFUR FERÐIR

Norræna er ferðamöguleiki sem Íslendingar hafa lengi nýtt sér en vill stundum gleymast í allri ferðalagafírunni. Fyrsta ferð Norrænu til Íslands hófst nú í gærðag þegar siglt var frá Danmörku. Norræna verður á Seyðisfirði alla þriðjudaga til 10. júní en eftir það verður hún þar á fimmtudögum til 28. ágúst. Eftir það færast ferðirnar aftur á þriðjudaga. Farþegum Smyril Line bjóðast sérstök vortilboð en það er ódýrast að sigla nú og fram í miðjan maí og eru þá jafnframt í gildi sérstök tilboð fyrir húsbíla, hjólhýsi og slík farartæki. Ferjan er búin klefum af ýmsum stærðum og gerðum og auk þess eru glæsileg þjónustusvæði þar að finna, svo sem verslanir, leiksvæði, sundlaug og líkamsrækt með gufu. Um að gera að prófa smá víkingasiglingu um norrænu höfin blá enda ættu siglingar að vera okkur í blóð bornar.

Nánari upplýsingar um tilboð og annað er að fá hjá Austfari í síma 472-1111 og Smyril Line í síma 570-8600.

BÓKAÐU
NÚNA

UPPÁHALDSÆVINTÝRI ALLRA

Heimur Astrid Lindgren og dalur Múmínálfa fyrir unga sem aldna

Ekki barn ætti að sækja Stokkhólm heim án þess að koma við á Junibacken á eyjunni Djurgården í hjarta borgarinnar. Þessi vinalegi skemmtigarður, nefndur eftir heimili Maddittar og Betu, sem reyndar heitir Sólbakki á íslensku, er að mestu leyti innandyrá og því hægt að kíkja í heimsókn á hvaða árstíma sem er. Þar er að finna allskyns skemmtilegheit eins og lestarferð í gegnum öll helstuævintýri Astrid Lindgren þar sem hægt er að sjá allar helstu hetjur bókanna: Ronju ræningadóttur, Emil í Kattholti, Kalla á þakinu, Bræðurna Ljónshjarta og marga fleiri. Svo geta kátir krakkar leikið sér í húsinu hennar Línu á meðan foreldrar slaka á og fá sér heimabakaðar eplakökur og kaffibolla. www.junibacken.se




EKKI
MISSA AF
ÞESSU



Astrid Lindgren

Hverjum þykir ekki vænt um hina skrítnu, krúttlegu og súrrealísku múmínálfa sem voru skapaðir af hinni finnsku Tove Jansson en hægt er að heimsækja þá í Múmínheim eða muumimaailma eins og hann heitir á finnsku. Múmínálfarnir búa á eyjunni Naantali sem er um 16 kílómetra frá Turku og 180 kílómetra frá Helsinki. Þar er nóg um að vera og meðal annars hægt að heimsækja hús múmínsnáða, fara í sund í fallegu stöðuvatni, heimsækja tjaldíð hans Snúðs, skreppa í leikhús eða gæða sér á gómsætu veitingunum hennar múmínmömmu. www.muumimaailma.fi.



LISTSÝNINGAR Í APRÍL

Berlín 5.4. - 15.6.

FIMMTA BERLÍNSKA BIENNALE FYRIR NÚTÍMALIST.

Sýningarstjórar eru Adam Szymczyk og Elena Filipovic. Kunst-Werke



New York 20.4.-30.6.

TAKE YOUR TIME - ÓLAFUR ELÍASSON

Yfirlitssýning á verkum Ólafs með innsetningu, ljósmyndum og skúlptúrum. Museum of Modern Art.

París 15.4.-15.6.

JAN FABRE - ENGILL UMBREYTINGANNA

Sýning á verkum hins belgíska listamanns (f. 1958) og innsetningu þar sem hann hefur komið fyrir verkum listamanna eins og Hieronymus Bosch, Peter Paul Rubens ofl.



artek
www.artek.fi



Hönnuður:
ALVAR AALTO



Chadwick
Hönnuður:
DON CHADWICK

Knoll
www.knoll.com

Erum
einnig
í Leifsstöð

MIÐBAUGUR ÞAÐ HEITASTA Í ... HÓTELUM, VEITINGASTÖÐUM, GRÆJUM, BÚÐUM, MÖRKUÐUM OG FERÐANÝJUNGUM



HEIMAMAÐURINN

► Peking

KOLBRÚN ÓLAFSDÓTTIR, HÁSKÓLANEMI Í ALPJÓÐASAMSKIPTUM OG KÍNVERSKU

UPPÁHALDSVERSLUNARGATAN

/ HVERFIÐ: Gaman að rölja um Wudaokou-hverfið sem er hluti af háskólahverfinu. Bæði verslunarmiðstöðvar og einnig pinkulitlar bútik búðir þar sem þú getur fundið ýmislegt skemmtilegt. En annars hefur það reynt mér best hérna að fara til skráddarans Toby og fá saumað á mig það sem hugurinn girnist fyrir frekar lítinn pening.

SKEMMTILEGASTA KAFFIHÚSIÐ

TIL AÐ STOPPA Á: The Bookworm er frábært kaffihús í SanLiTun-hverfinu, samansett af bókasafni, bókabúð og kaffihúsi. Allir veggir eru þaktir bókum og hægt er að kaupa enskar bækur og blöð sem er ekki hægt alls staðar hér í borg. Mæli með salati með grilluðu grænmeti og pönnusteiktum geitaosti.

SMARTASTI BARINN: West Bar. Mjög flottur bar sem býður upp á frábært úrval af drykkjum sem hægt er að sötra við lífandi djasstónlist.

EKKI MISSA AF... Listahverfinu 798, magnað hverfi, var verksmiðjuhverfi sem breytt var í listahverfi með áherslu á nútímalist. Fullkomin blanda af hráu verksmiðjuhverfinu sem hefur fengið að halda sér fullkomlega en inniheldur nú fullt af listagalleríum, kaffihúsum og veitingastöðum.

NEFNDU TVO BESTU VEITINGASTAÐINA Í BORGinni: Japanski veitingarstaðurinn Isshin í Wudaokou-hverfinu býður upp á æðislegt sushi og annan japansk-an mat á ótrúlega ódýru verði.



Flottur staður sem alltaf er gaman að koma á. Xianmanlou Restaurant í Chao Yang-hverfinu, býður upp á dásamlega pekingönd með öllu tilheyrandi í heimilislegu umhverfi á mjög góðu verði.

NÝJASTA UPPGÖTVUNIN ÞÍN:

Bohdi Sense er nýtt spa í Chao Yang-hverfinu sem býður upp á nudd og annað dekur í ljúfu umhverfi sem fær mann til að slaka algjörlega á.

ÞAÐ SEM KEMUR MEST Á ÓVART

VIÐ PEKING ER: Hversu miklar andstæður eru hérna, þú getur fengið frábæran mat fyrir 160 kr. eða fyrir 30.000 kr. Það eru himinháar byggingar hérna en á öðrum stöðum eru bara kofar. Þú sérð hlið við hlið í umferðinni stórglæsilega bíla og illa ryðguð reiðhjól. Endalausar andstæður sem gerir borgina mjög lífandi og sjarmerandi.

SKEMMTILEGASTA DAGSFERÐIN:

Houhai-garðurinn er yndislegur staður, stór og fallegur garður þar sem líka er hægt að ganga um kínverskt hverfi, Hutongs, sem er eins og Peking var í gamla daga. Fullt af flottum veitingastöðum og börum. Einnig hægt að kíkja í tehus og fá te eftir öllum kínverskum kúnstarinnar reglum. Frábær staður hvort sem það er að degi til eða um kvöld.



BRESKAR HEFÐIR Á HVÍTUM STRÖNDUM

Barbados er sannkölluð paradísareyja.

Ímyndið ykkur eyju þar sem hvítar strendur virðast óendanlegar, pálmatré ber við túrkísbláan himin og hitastigið er alltaf hlýtt og notalegt. Á eyjunni Barbados má sjá virðuleg hús í nýlendustíl og heimamenn, sem kallast Bajans, dreypa á tei eða Pimms með klaka og gúrkusneið. Það er ekki skrítið að breskt andrúmsloft ríki á þessari paradísareyju þar sem Barbados var bresk nýlenda fram á sjöunda áratuginn og hefur oft verið nefnd „Litla Bretland“ Karíbahafsins. En þetta er aldeilis ekki það sveitta og sólbrennda andlit Bretlands sem við sjáum stundum bregða fyrir í massavís á spænsku ströndum. Barbados-eyjan er sótt af vel ættuðum og efnuðum Bretum, og ekki óalgengt að sjá frægum andlitum bregða fyrir. Það er heldur ekkert skrítið að Barbados sé ferðamannaparadís. Hér lifur tíminn hægt, andrúmsloftið er dásamlega rólegt og notalegt og laust við ys og pys. Náttúran er stórbrotin, hvort sem það er við strendurnar eða þjóðgördum innan eyjunnar þar

BÓKAÐU
NÚNA



sem gefur að líta mikla skóga og náttúrulíf eins og páfagauka, apa og græneðlur. Þeir sem nenna ekki að liggja í sólinni allan daginn geta brugðið sér á sjóstangaveiðar, í köfunarferð eða á sjóskíði. Lífsnautnaseggir hafa einnig af nógu að taka því að það eru ógrynni dásamlegra veitingahúsa á eyjunni. Svo geta áhugasamir dreypt á rommi en hér, eins og annars staðar í Karíbahaf-

inu er ræktaður sykurreyr og það er meira að segja hægt að heim-sækja rommverksmiðjuna sem heitir því skemmtilega nafni Mount Gay. Hægt er að komast til Barbados frá til dæmis London eða Kaupmannahöfn en Íslendingum býðst líka sá þægilegi kostur að fljúga beint þangað með Heimsferðum í október og nóvember. www.heimsferdir.is

www.ultimathule.is
Spennandi ferðir um allan heim




Taktu flugið

EGILSSTAÐIR

*** EYDDU
TÍMANUM
VEL**

... og gyllir fjöllin himinhá
og heiðarvötnin blá



TÍMINN FLÝCUR

Flugfélag Íslands flýgur yfir 100 ferðir í viku til áfangastaða sinna. Þú nýtur þess að lesa dagblöðin, fá þér kaffi og súkkulaði og áður en þú veist af er lent á áfangastað.

Ferðin tekur enga stund. Taktu flugið.

Pantaðu í síma **570 3030** eða á www.flugfelag.is

→ flugfelag.is

Vestmannaeyjar

Egilsstaðir

Ísafjörður

Akureyri



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

BORGARFERÐIR 48 STUNDIR Í KÖBEN

POTTÞÉTT LEIKKERFI FYRIR GÓÐUM DEGI Í KÖBEN

Vignir Svavarsson, landsliðsmaður í handbolta, hefur um þriggja ára skeið búið í smábænum Skjern á Vestur-Jótlandi. Þrátt fyrir að frítími atvinnumanns í handbolta sé ekki mikill þá nýtir Vignir sér þær fáu stundir sem hann hefur aflaga og skellir sér í helgarferð til vina og kunningja í Kaupmannahöfn. Vignir féllst á að upplýsa lesendur Ferðalaga um hvernig draumahelgin í kóngsins Kaupinhavn væri í hans huga.

FÖSTUDAGUR

09.00-12.00

Smörrebröð að morgninum og ekki sakar að fá sér einn grænan Tuborg. Uppáhaldsstaðurinn minn til þess er Ida Davidsen í Nyhavn sem er náttúrulega alveg stórkostlegur á þessum tíma dags. Ekki skemmir fyrir útsýnið yfir alla smábátana og skúturnar og fyrr en varir er maður kominn í siglingu á framandi slóðir.

12.00-16.00

Kaupmannahöfn er ekki bara „hygge“-borg því þar er urmull af flottum verslunum. Ég mæli sjálfur með Elmegade uppi á Nørrebro, þar í kring eru margar skemmtilegar búðir sem gaman er að kíkja í. Hið íslenska Laundromat er í næsta nágrenni og þar er hægt að fá alvöru kaffi, jafnvel hægt að þvo nýju fötin ef þannig liggur á manni.

18.00-20.00

Söfnin í Kaupmannahöfn eru mörg

hver ótrúleg. Eitt af þeim skemmtilegri og fræðandi er safnið um seinni heimsstyrjöldina í einni af hliðargötu Strikisins. Þar er hægt að sjá misskemmtilegar myndir og minjar um þau áhrif sem hernám Þjóðverja hafði á danskt þjóðlíf.

21.00-23.00

Einn af fjölmörgu sushi-stöðum sem spretta upp eins og gorkúlur í höfuðborg Dana. Einn af mínum eftirlætisstöðum er án nokkurs vafa staðurinn með skemmtilega nafnið Sachi Sushi á Vesterbrogade, huggulegur staður þar sem hægt er að snæða einn af bestu sushi-réttum borgarinnar í góðra vina hópi

23.00-03.00

Mexi-bar, ódýrasti kokteilbarinn í Danmörku og þó víðar væri leitað. Myndast alltaf skemmtileg stemning á slíkum knæpum og menn hafa látið flakka ótrúleg gullkorn eftir að hafa sötrað á suðrænum vökva.



Nyhavn. Einhver ákaflega skemmtilegur andi svífur yfir vötnum við Nyhavn og þar er iðandi mannlíf á nánast hverju kvöldi.

03.00

Pylsubíllarnir á Strikinu eru bestu vinir svangs ferðalangs eftir langan dag.

LAUGARDAGUR

08.00

Yfirleitt reyni ég að rífa mig á fætur klukkan átta og stekki út í næsta bakari, þau eru nánast á hverju horni og alltaf með nýbakað góðmeti.

10.00

Fer út að skokka og kys þá helst að hlaupa í garðinum í kringum Fælledparken og reyni að koma blóðrásinni af stað.

12.00

Ferðinni er heitið í siglingu á Nyhavn í síkjunum kringum Kaupmannahöfn. Þar fær maður einstaklega skemmtilega sýn á borgina og fróðleik um hana á ýmsum tungumálum.

15.00

Tilvalið að skjótast í Tivólíð ef það er opið. Maður er hreinlega aldrei of gamall fyrir rússíbana. Annars er gaman að geta þess að ég er ákaflega lofthræddur en þíni mig í tækin til að halda karlmennskunni. Skammt undan er síðan vaxmyndasafnið þar sem hægt er að sýna ungvíðinu allar helstu stjörnur samtímans.



Smørrebräuð. Varla er hægt að ímynda sér ferð til Danmerkur án þess að hafa gætt sér á gömsætu smørrebräuði.



Gamla höfuðborgin Kaupmannahöfn hefur síður en svo glatað sjarma sínum og er alltaf kjörin fyrir helgarferðir á vorin jafnt sem haustin.

18.00

Museum Erotica við Købmagergade 24 er opið til átta á kvöldin. Og alveg kjörinn staður að kíkja á fyrir kvöldið. Alveg merkilegt hvað það er hægt að hafa gaman af kynlífsvenjum fólks í gegnum tíðina.

20.00

Hviðs Vinstue er tilvalinn fyrir fordrykkinn. Hinn þrjú hundruð ára gamli staður hefur síður en svo glatað sjarma sínum, þjónarnir hafa ekkert breyst síðan íslensku námsmennirnir sátu þar og lögðu drög að sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Ekki skemmir að sjá má glitna í mynd af sjálfum Jóni Sigurðssyni.

22.00


Rölt eftir Nyhavn og það skiptir eiginlega engu máli inn á hvaða stað maður fer, alltaf er jafn huggulegt að sitja undir hitalömpunum í byrjun vorsins og fylgjast með mannlífnum, skrautlegum persónum ásamt því að borða góðan mat. Mæli sérstaklega með því að fólk fái sér „stjerneskuð“, sem er fiskur í raspi, rækjur og þess háttar.

00.00

Alveg kjörið að finna góða tónleika í miðborg Kaupmannahafnar sem eru nánast á hverju strái. Gott að kíkja á Billetnet.dk og athuga hvort einhverjir áhugaverðir tónlistarmenn séu að spila í nágrenninu. Oft eru ágætis tónleikar á Vega sem er á Vesterbro.



Sníllt líkt og í öðrum stórborgum heimsins hafa sushi-veitingastaðir spröttið upp eins og gorkúlur í Kaupmannahöfn.



Vignir Svavarsson fer ekki ofan af því að Kaupmannahöfn leyni alltaf á sér þrátt fyrir að hafa komið þangað oftar en einu sinni.

allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?
MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRETTLAÐIÐ

S. 512 5441 hrannar@365.is
S. 512 5426 vip@365.is



Matfugl ehf

Völuteig 2 270 Mosfellsbæ

Bílstjóri/lagerstarfsmaður Óskast

Æskilegt er að hafa meirapróf eða gamla prófið. Við leitum að einstaklingi sem er metnaðarfullur, hefur góða þjónustulund, getur sýnt frumkvæði, er sveigjanlegur, skipulagður og hefur hæfileika í mannlegum samskiptum. Starfssvið: Útkeysla og almenn lagerstörf.

Matfugl er mjög framsækið og ört vaxandi fyrirtæki í framleiðslu á kjúklingaafurðum. Áhugasamir sendið inn skriflegar umsóknir á netfangið Steinar@matfugl.is

Bílabúð Benna er 30 ára þjónustufyrirtæki bílaáhugamannsins. Fyrirtækið flytur inn og selur vara- og fylgihluti í flestar tegundir bíreiða.

Bílabúð Benna er umboðsaðili nýrra bíla frá Porsche, Chevrolet og SsangYong.



Hefur þú áhuga á bifreiðum?

Bílabúð Benna óskar eftir að ráða þjónustufulltrúa á þjónustusviði

Við leitum að öflugum þjónustufulltrúa til þess að annast m.a. bókanir verkefna fyrir þjónustusvið, útskrift reikninga, samskipti við viðskiptavini og utanumhald bókana bifreiða.

Þjónustufulltrúi sé jafnframt um að fylgja eftir gæðakönnun meðal viðskiptavina auk þess að annast daglega úrlausn reglubundinna verkefna í móttöku.

Þjónustufulltrúi kemur fram fyrir hönd fyrirtækisins, gagnvart viðskiptavinum þess.

Æskilegt er að umsækjendur hafi góða þekkingu á þjónustusviði, og/eða marktæka þekkingu og áhuga á bifreiðum og bifreiðasporti. Viðkomandi þurfa að hafa góða kunnáttu í ensku, MS-Office hugbúnaði.

Áhersla er lögð á skipulagshæfni, nákvæmni í vinnubrögðum, þjónustulund og góða samskiptahæfileika.

Um er að ræða lífandi og skemmtilegt starf hjá vel þekktu og traustu fyrirtæki, þar sem lífsandinn er góður.

Umsóknarfrestur er til og með 7. apríl nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Gunnar Hólmsteinn Ársælsson, ráðgjafi hjá STRÁ MRI, veitir nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl.11-13 alla virka daga á meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til stra@stra.is.

Peir sem eiga umsóknir fyrirleggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.



Suðurlandsbraut 6 - 108 IS - Sími 588-3031 - www.stra.is

Fagmennska í yfir 20 ár

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

Pasta y Vino á Cerro Concepción-hæðinni er pastastaður í hæsta klassa. Réttirnir sem þar eru fram bornir eru frumlegir og einkar ljúffengir. Smekklegt yfirbragð staðarins er allt samkvæmt nýjustu tísku og þjónustan er til mikillar fyrirmyndar.

Franski staðurinn Le Filou de Montpellier er einnig á Cerro Concepción-hæðinni. Hann er dæmi um þá alþjóðlegu strauma sem leika um Valparaíso. Matseðillinn er breytilegur frá einu kvöldi til annars og að sjálfsgöðu eru franskir réttir í hávegum hafðir. Andrúmsloftið er skemmtilega óreiðukennt, eins og sönnum Frökkum sæmir.

Engar lestir ganga frá höfuðborginni Santiago til Valparaíso en rútur fara hins vegar reglulega á milli staðanna. Rútuferðin tekur um það bil 70 mínútur. Mjög góðar neðanjarðarlestarsamgöngur eru á milli Valparaíso og strandbæjarins Viña del Mar og tekur ferðin þar á milli einungis 5-10 mínútur.





FERÐAMÁLASTOFA

Ferðafélagar ehf.

er ferðaskrifstofa fyrir fólk með
proskahömlun og geðraskanir

Nú í mars fögnum við 15 ára afmæli fyrirtækisins og frá stofnun höfum við fullnægt öllum kröfum Samgönguráðuneytis og Ferðamálastofu eins og þær hafa verið hverju sinni, nú lögum nr. 73/2005 um skipan ferðamála.

Ennþá eru nokkur sæti laus í sólarlandaferðirnar í sumar

| | | |
|----------------------|-----------|----------------|
| COSTA del SOL | 19. maí | 3 sæti |
| BENIDORM | 12. júní | 4 sæti |
| PORTÚGAL | 3. júlí | UPPSELT |
| BENIDORM | 7. ágúst | 5 sæti |
| KRÍT | 27. ágúst | 4 sæti |

Þetta eru tveggja vikna ferðir og
kostar hver ferð

kr. 189.700.-

Innifalið: Flug, gisting, akstur til og frá flugvelli erlendis, morgunverður, ferðaslysstrygging, sjúkrakostnaðar- og ferðarofstrygging erlendis, farangurstrygging, fylgdarfólk, fararstjórn, veitingar í flugvélum og á flugvöllum og myndaalbúm með ljósmyndum úr ferðinni.

Við svörum í síma 564-4091 alla daga vikunnar kl. 8-20.

Tölvupóstur: tourist@islandia.is

**Sé þess óskað komum við á sambýli og önnur heimili,
gefum upplýsingar og svörum spurningum.**



WWW.ICELANDAIR.IS

**VERÐ 87.900 KR.*
Á MANN Í TVÍBÝLI
30. APRÍL–4. MAÍ**

**LISTIR OG
MENNING
Í PARÍS**

Fararstjóri:
Laufey Helgadóttir.

Skoðaðir allir helstu
merkisstaðir í París og farið í
valinkunn söfn eins og
Monetsafnið í Giverny
og Orsay eða
Marmottan safnið.

+ Nánari upplýsingar á
www.icelandair.is/pakkaferdir



ÍSLENSKA SÍÐUNIN ÍCE 4189 2018

* Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting í 4 nætur á Holiday Inn Republique ***** með morgunverði, íslensk fararstjórn og íslensk leiðsögn, skoðunarferðir og aðgangseyrir á söfn, rútuferðir til og frá flugvelli erlendis.

FLAKK UM EVRÓPU

Interrail lestarmiði er frábær kostur fyrir forvitna ferðalanga

Elín Edda Angantýsdóttir, verðandi háskólanemi, fór í afar óvenjulegt ferðalag ásamt vinkonu sinni um Evrópu.

Elín Edda hélt til Spánar ásamt vinkonum sínu þar sem húnætlaði að fara í spænskunám. Áfangastaðurinn var Torreveja sem var nú ekki alveg rétti staðurinn að mati Elínu og vinkonu hennar.

„Þetta er kannski ekki beint staðurinn fyrir ungt fólk en fyrir eldra fólk er þetta trúlega paradís. Við vinkonurnar fengu fljótlega nóg af staðnum þar sem lítið var að gerast og við ákváðum því að skella okkur bara í interrail og gera eitthvað gott úr þessu,“ útskýrir Elín Edda.

Elín og vinkona hennar skelltu sér út á lestarstöð og keyptu sér interrail lestarmiða og héldu af stað í fjögurra vikna ógleymanlegt ferðalag. Gaman að segja frá því að þessi ferð var ákveðin með aðeins nokkra daga fyrirvara.

„Við vorum eins og litlar stelpur í sөлgætisbúð og vorum mjög ánægðar að hafa tekið þessa ákvörðun og næstu vikurnar áttu eftir að vera stórkotlegar,“ segir Elín Edda.

Fyrsti áfangastaður þeirra var Barcelona og þaðan fóru þær í bæinn San Sebastian nyrst á Spáni en þar fundu þær flesta bari á ferkílómetra í heiminum. Eftir dvölinna á Spáni skelltu vinkonurnar sig í sextán tíma lestarferð til Parísar.

Í París lentu þær í smá vandræðum þar sem þær voru hlaðnar ferðatöskum. Frá París var skellt sér á mikla bjórhátíð í litlum bæ í Þýskalandi. Eftir hana tók við stutt stopp í Tékklandi og var haldið til Danmerkur.

„Við vorum hálfsmeykar á lestarstöðinni í Prag þar sem við þurftum að bíða lengi að kvöldlagi og voru þar ýmsar furðulegar persónur. En þetta hafðist og við vorum mjög fegnar þegar við komum til Danmerkur,“ segir Elín Edda. Að síðustu héldu þær til Hollands og Englands áður en þær fóru aftur til Danmerkur þaðan sem þær flugu heim til Íslands.

„Þessi ferð var vel þessi virði og frábær í alla staði þrátt fyrir óskipulag. Við spiluðum okkur bara eftir aðstæðum og allt gekk vel,“ segir Elín Edda kímín.

mikael@frettabladid.is



Það er skemmtilegt að skella sér í ævintýri með skömmum fyrirvara.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



La Sagrada Família kirkjan í Barcelona á Spáni.



Stemming í San Sebastian.

Auglýsingasími


512 50 50



– Mest lesið

SIGLT UM FIRÐI NOREGS

Ferðapjónusta bænda býður upp á flotta ferð 7.-13. ágúst þar sem siglt er um firði og strandlengju Noregs, sem er nú oft sögð fallegasta strandlengja í heimi. Bæði er siglt og svo er farið í skoðunarferðir á landi en flogið er til Óslóar og svo heim frá Björgvin. Fararstjórinn er norskur en talar þó reiprennandi íslensku svo Íslendingar njóta góðs af því.



SIXT
rent a car



Útrás!

Nú er útrásin fyrir alla.

**Fáðu útrás á alvöru bíl á ferðalagi þínu erlendis.
Bókaðu bílaleigubíla um allan heim á www.sixt.is.**

(við eigum svo sem líka Yaris og Póló og hvað þetta nú heitir allt saman, en það er bara miklu skemmtilegra að njóta hraðbrautanna hratt og góða veðursins undir berum himni. Athugaðu að ef þú velur Holiday Cars valmöguleikann á www.sixt.is er allt innifalið, akstur, tryggingar, flugvallargjald og hvaðeina og verðið samt frábært.)

UNGFRÚ INGVELDUR...
Fer til Afríku

Ingveldur fylg-
ist með. Hún
veit að allir með
viti eru að fara
til Afríku þessa
dagana. Fjöl-
miðlar kalla
þetta „Afríku-
veikina“ og hún
hefur heyrt og
lesið að Bjarni
Ármanns,



Jóhannes í Bónus og Kristín Ólafs
séu með hana. Það er bara eitt-
hvað svo fallett við það að bóka
frí til Malaví. Fyrst var Madonna
þar, nú Kata Júl. Svo getur maður
komið heim með mynd af sér með
afrísku barni í fanginu eða jafnvel
með afrískt barn í fanginu og liðið
svo fallega... innan í sér. Ingveldur
vill fara til Afríku og gera góð-
verk. Hún er búin að stúdera Ang-
elinu á netinu. Sér að það er möst
að mæta í hermabuxum, hlýra-
bol og derhúfu. Svona „Low Key
Chic“ kalla þeir það. Má ekki
mæta með Marc Jacobs-sólgler-
augun þegar allir eru að svelta.
Svo er þetta dálítið undarlegt, ekk-
ert nema einhver lúxushótel á net-
inu í Malaví hvort eð er. Ekki snef-
ill af hungursneyð og þriðja heims
volæði. Hún bókar sig inn á
„Lodge“ með draumasundlaug og
svo segir í textanum að barinn sé
ávallt „well stocked“ og það megi
horfa á dýr borða gras rétt fyrir
neðan. Fullkomið! Gin og tónik og
antilópur á beit. Hver getur beðið
um meira?

Ingveldur er mætt. Hún er í
áfalli eftir tólf tíma flug og hrylli-
legasta flugvöll sem hún hefur
séð. Það er allt svo ... skrýtið
hérna. Subbulegt. Hana klæjar
alls staðar. Svo eru allir svartir.

En ekki eins og gæjarnir á Wall
Street. Kannski eru það þessar
skelfilegu malaritúflur en henni
er verulega farið að svima þegar
hún finnur loksins rútu sem á að
fara með hana á áfangastað. Hvað
er eiginlega að þessu fólki? Farar-
tækið er að hrúta komið og svo
virðist enginn skilja hana. Hún
kemur sér fyrir við hliðina á konu
með svakalega mikinn höfuðbún-
að og nokkra krakka. Jæja, dæsir
hún, það eru að minnsta kosti ekki
hænur í rútum hérna eins og í
Indlandi. (Sá það á National
Geographic Channel).

Næsti dagur er mun betri. Ing-
veldur „minglar“ við heimamenn,
borðar þriðja heims kássur og
berar nýhvíttaðar tennurnar fram-
an í börnin. Henni er farið að líða
eins og guðmóður þorpsins.

Næsta dag á markaðnum tekst
henni að prúttu niður fullt af dýrð-
legum mýnstruðum kjólum og afr-
íkfestum. Þetta er algjörlega
málið. Af hverju er þetta lið ekki
að selja þetta heima? Ætti full-
komlega heima í Kisunni. Ingveld-
ur fyllir ferðatösku og ákveður að
halda góðgerðauppbóð í Epal fyrir
vinkonurnar þegar hún kemur
heim. Eða kannski á Vox. Batik is
the new black. Eða þannig.

Á FERÐ OG FLUGI

VERA PÁLSDÓTTIR LJÓSMYNDARI HEFUR FERÐAST VÍTT OG BREITT UM HEIMINN FYRIR HIN ÝMSU VERKEFNI. HÚN HEFUR MEÐAL ANNARS MYNDAÐ FYRIR BLÖÐ EINS OG ELLE, MADAME FIGARO OG THE FACE. UM ÞESSAR MUNDIR MYNDAR HÚN FYRIR NÝTT LÍF OG HÉLT NÝLEGA SÝNINGU Á VERKUM SÍNUM Í ÞJÓÐMINJASAFNINU.

UPPÁHALDSBORGIN MÍN ER... París.

**MINNISSTÆÐASTA MÁLTÍÐ-
IN SEM ÉG HEF SNÆTT ER** ... Engisprettur á Indlandi.

UPPÁHALDSHÓTELÍÐ MITT ER... Öll þau hótél sem líta ekki út fyrir að vera hótél.

ÞAÐ BESTA VIÐ AÐ FERÐAST ER... Að láta koma sér á óvart.

**ÞEGAR ÉG ER Á FERÐA-
LAGI ÞÁ SAKNA ÉG...** Einskis.

**ÞEGAR ÉG HUGSA UM PAR-
ADÍS ÞÁ HUGSA ÉG UM...** Einhvern stað sem er langt í burtu frá öllu.

**ÉG KEM ALLTAF HEIM
MEÐ...** Eitthvað frá öðrum löndum: mat, krydd, hluti,

og helst bara eitthvað eitt æðislegt sem mig dauðlangaði í.

FYRSTA FERÐALAGIÐ MITT VAR TIL... Grænlands.

**MIG HEFUR ALLTAF LANG-
AÐ AÐ FARA TIL....** Tökýó

**SKEMMILEGASTI STAÐUR SEM ÉG HEF NOKKURN
TÍMA HEIMSÓTT ER...** Balí.



FERMINGARTILBOÐ
computer.is
www.computer.is

| | | | |
|--|--|--|---|
| <p>Góð leikjavél með Intel Core 2 Duo E6750, 2.67 GHz þriggja Windows Vista Home Premium 2 GB vinnsluminni 500 GB SATA2 disk 22" LCD skjá 2.1 höttalakerfi og GeForce 8600GT 256 MB skjákerfi</p> <p>129.500</p> | <p>Góður leikjaturm með Intel Core 2 Duo E6750, 2.67 GHz þriggja Windows Vista Home Premium 2 GB vinnsluminni 500 GB SATA2 disk og GeForce 8600GT 312 MB skjákerfi</p> <p>89.900</p> | <p>Alvöru fartölva LENOVO THINKPAD R61 með Intel Core 2 Duo T7100 120 GB harður diskur 1 GB vinnsluminni Windows XP Pro 14,1" skjá 2,5 kg</p> <p>149.900</p> | <p>Sjónvarpsflakkari 3.5 Media Player hýsing með LCD skjá fyrir IDE harða diskur frá König Vinsælu Mobplay Media Player sjónvarpsflakkarnir komin aftur</p> <p>12.825</p> |
| <p>HD sjónvarpsflakkari DWC0 TV-LX M4100SH High Definition, SATA Til að tengja 3,5 tommu SATA harða diskur í USB2.0, RJ45, DVI tengi eða sjónvarp</p> <p>34.900</p> | <p>500 GB Western Digital SATA2 16 MB búðminni</p> <p>8.900</p> | <p>500 GB flakkari iMicro USB 2.0 hýsing með Western Digital 500 GB hörðum disk</p> <p>13.500</p> | <p>Stórir diskur í litlum umbúðum 2.5" hýsing fyrir USB 2.0 Western Digital Passport. þunn og meðfarleg gagnahýsing</p> <p>160 GB 12.900 250 GB 19.900</p> |
| <p>Samsung S73 stafræn myndavél 7.2 Mega-píxlar 2.5" LCD skjá 3x aðdráttur 5x stafrænn aðdráttur</p> <p>9.990</p> | <p>Stóra tölvuorðabókin Þýðir á milli 9 tungumála. Villules texta úr öllum Windows hugbúnaði.</p> <p>9.900</p> | <p>Sennheiser HD-515 Óflug og þægileg heymartól með bassa sem nær niður í 15 Hz og sérstíltu hjóðkerfi sem varpar hjóðinu beint til eyrnanna</p> <p>7.900</p> | <p>Logitech G5 Frábær leikjamsú með stillanlega þyngd og næmleika Ný útgáfa!</p> <p>5.605</p> |
| <p>Acer 22" breiðtjalds LCD 5 ms með D15 og DVI tengjum 1680 x 1050 upplausn</p> <p>23.900</p> | <p>Creative T3100 2.1 hátalarakerfi Stærkostleg hátalarahönnun!</p> <p>5.900</p> | <p>GeForce 9600GT Gigabyte GeForce 9600GT, 512 MB DDR3, 3DV/9DCR PCI Express</p> <p>512 MB DDR3 - frábært í leikna!</p> <p>17.900</p> | <p>Minnislyklar Super Talent USB minnislyklar í rökku litakræf</p> <p>2 GB 1.950 4 GB 2.900 8 GB 5.605</p> |
| <p>Þráðlaust talnalyklaborð Fullkomin lausn fyrir fartölvunotendur</p> <p>2.500</p> | <p>Hreinsisprey Fyrir fartölvur og flatskjál (LCD/TFT/Plasma) 85 ml</p> <p>1.378</p> | <p>Geisladiskataska fyrir 200 diska</p> <p>990</p> | <p>FM sendir FM-sendir fyrir MP3 spilara. Hlustaðu á upphaldstónlistina á MP3 spilaranum í gegnum stereohátalarakerfið í bílnum þínum</p> <p>3.500</p> |
| <p>USB VoIP sími Þráðlaus USB VOIP netsími með stórum skjá, tilvalinn á Skype</p> <p>5.605</p> | <p>25x CD diskur Fujifilm S2X CD diskur, áprentanlegir 700 MB 25 stk. hölkur</p> <p>1.235</p> | <p>25x DVD diskur Fujifilm 16X DVD diskur, áprentanlegir 4.7 GB 25 stk. hölkur</p> <p>2.900</p> | <p>Gjafabréf með upphæð að eigin vali!</p> <p>www.computer.is</p> |

MUNDU AÐ PANTA FYRST Á
WWW.COMPUTER.IS
AÐUR EN ÞU SÆKIR :-)

Skipholt 50c • Sími: 582 6008



Þarftu að losa fjármagn?

- Er núverandi húsnæði óhentugt?
- Vantar ykkur stærra húsnæði eða nýjar höfuðstöðvar?
- Við útvegum ykkur nýtt húsnæði til leigu og seljum ykkar húsnæði á sama tíma.

**Hafið samband
og fáðið nánari upplýsingar.**

Stóreign
fremstir í atvinnufasteignum



Leynist þessi blaðakerra heima hjá þér?

Við erum að leita að blaðakerrum sem hugsanlega hafa ekki ratað aftur heim til sín eftir að blaðberastarfi lýkur.

Ef kerra eins og þessi á myndinni leynist heima hjá þér, láttu okkur þá vita og við komum og sækjum hana. Í þakkilætisskyni fyrir tilkynninguna munum við færa þér frímiða í bíó.

Hafðu strax samband við dreifingardeild Fréttablaðsins í síma: **585 8300 / 585 8330** eða sendu tölvupóst á dreifing@posthusid.is

post húsíð

Pósthúsíð ehf – Suðurhrauni 1 – 210 Garðabær – www.posthusid.is

STUÐ MILLI STRÍÐA Aldur er bara hugarástand

ÞÓRUNN ELÍSBET BOGADÓTTIR HÉLT UPP Á ÁTTRÆÐISAFMÆLI



Það er oft ákveðinn höfuðverkur að ákveða um hvað þessir vikulegu pistlar eigi að vera. Stundum er of margt sem hægt er að tjá sig um og stundum ekki neitt. Núna væri til dæmis mjög auðvelt að tjá sig eitthvað um gengi krónunnar og efnahagsástandið, en það verður ekki gert í þetta skiptið. Þetta á nú einu sinni að vera svolítið skemmtilegt.

Mér þykja afmæli alltaf skemmtileg. Þá er ég ekkert að tala um mín eigin afmæli, heldur bara afmæli almennt. Ég geri mér samt grein fyrir því að það eru margir mjög

ósammála mér í þessu – þola ekki afmæli og sjá bara ekkert skemmtilegt við það að verða árinu eldri.

Ástæðan fyrir því að ég fór að velta fyrir mér afmælum er sú að á föstudaginn átti mjög merkileg kona stórafmæli. Svo stórt að það eru ekkert sérstaklega margir sem ná að halda upp á það. Hvað þá með slíkum stæl og þessi kona. Svo ég ákvað að kynna lesendur þessa pistils fyrir henni ömmu minni. Hún varð nefnilega áttæð á föstudaginn.

Ég þekki ekki margt áttætt fólk sem er eins og hún. Reyndar þekki ég ekkert mjög mikið af áttæðu fólki yfirhöfuð, en ég veit samt að hún er í algjörum sérflokki. Það eru ekkert margir á þessum aldri sem

fara í sund á nánast hverjum morgni, passa mjög fjörug barnabarnabörn heilu dagana og næturnar og bjóða öllum afkomendum í kaffiboð um hverja helgi, þar sem meðal annars eru heimabakaðar pítsur á boðstólnum.

Ég fékk reyndar ekki að halda upp á stórafmælið með henni því amma skellti sér til London um helgina. Þar bjó hún og vann í sendiráðinu sem ung kona á eftirstrísárunum, og alla tíð síðan hefur hún haldið tryggð við borgina og passað að heimsækja hana reglulega. Fyrir mér sýnir amma það vel að aldur er oftar en ekki bara hugarástand. Það ættu allar fjölskyldur að eiga allavega eina svona ömmu eins og mína.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



ÆSKAN & HESTURINN 2008

KEIÐHÖLLINNI VÍÐIDAL

Laugardaginn 29. mars kl. 13:00 & 16:00
Sunnudaginn 30. mars kl. 13:00 & 16:00
Frábær fjölskylduhátíð í boði
7 bestmannafélaga ú höfuðborgarsvæðinu.
Fjölbreytt skemmtiatriði, Magni, Hara systur
Bjarni töfrumaður.

ÓKEYPIS AÐGANGUR FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA
GLITNIR er aðal styrktaraðili hátíðinnar.

GLITNIR

LISTVINAFLAG HALLGRÍMSKIRKJU 26. STARFSÁR

Sálmur og tónaljód

TÓNLEIKAR Í HALLGRÍMSKIRKJU
SUNNUGAGINN
30. MARS 2008
KL. 17

Camerarctica og
Marta Guðrún Halldórsdóttir
sópran

ELÍN GUNNLAUGSDÓTTIR:
Sálmur á atómöld

ÞORKELL SIGURBJÖRNSSON:
„Allir verði eitt“ - sálmur í þýðingu Sigurbjörns Einarssonar biskups fyrir sópran, flautu, klarinett og strengjakvartett - FRUMFLUTNINGUR

MAX REGER:
Kvintett fyrir klarinettu og strengi í A dúr op.146

AÐGANGSEYRIR 2000 KR.
MIÐASALA Í HALLGRÍMSKIRKJU S. 510 1000

Ný verk fyrir fagott

Í dag verða tónleikar í Norræna húsinu á vegum 15:15. Þar frumflytur Kristín Mjöll Jakobsdóttir tvö verk fyrir einleiksfagott eftir tónskáldin Önnu S. Þorvaldsdóttur og Atla Heimi Sveinsson. Hugleiðingu samdi Anna S. Þorvaldsdóttur sérstaklega fyrir Kristínu Mjöll sem pantaði verkið hjá henni á síðasta ári. Fönsun IV eftir Atla Heimi Sveinsson er samín 1968 fyrir tilstuðlan Sigurðar Markússonar fagottleikara en það hefur enn ekki verið flutt. Atli Heimir endurskoðaði verkið í upphafi árs 2008 fyrir Kristínu Mjöll sem flytur verkið í nýju útgáfunni.

Auk verka Önnu og Atla Heimis flytur Kristín Mjöll nokkra kafla úr Sumarsólstöðum 1991 fyrir einleiksfagott eftir Jónas Tómasson. Verkið var samið í kjölfar fagottnámskeiðs sem haldið var á Ísafirði í júní 1991. Að lokum mun Kristín Mjöll ásamt Guðrúnu Óskardóttur samballeikara flytja tvö íslensk verk fyrir fagott og sembal, Úr rímum af Rollant eftir Þorkel Sigurbjörnsson frá 1970 og Sónötu XII frá 1976 einnig eftir Jónas Tómasson.

Kristín Mjöll Jakobsdóttir nam við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk Mastersprófi frá Yale School of Music vorið 1989. Ennfremur stundaði hún nám við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam og í Cincinnati, Ohio. Veturinn 1991-92 starfaði Kristín með Fílharmoníuhljómsveitinni í Hong Kong og var búsett þar til 1998. Hún hefur síðan leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, Kammersveit Reykjavíkur, Íslensku óperunni og ýmsum kammerhópum. Hún hefur stofnað



TÓNLIST Guðrún og Kristín Mjöll við æfingar. MYND/FRÉTTABLAÐIÐ

Blásaraoktettinn Hnúkapey og Fagottkvartettinn Fagotterí. Kristín Mjöll starfar jafnframt við kennslu auk þess að stýra ýmsum verkefnum í íslensku tónlistarlífi.

Guðrún Óskarsdóttir: Að loknu píanókenningarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1986 nam Guðrún samballeik hjá Helgu Ingólfssdóttur. Framhaldsnám stundaði hún hjá Anneke Uittenbosch við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam, hjá Jesper Böje Christensen við Scola Cantorum í Basel og hjá Françoise Langellé í París. Guðrún hefur leikið inn á nokkra hljómdiska og komið fram sem einleikari, meðleikari eða sem þáttakandi í kammertróntlist á fjölmörgum tónleikum á Íslandi og víða í Evrópu. Hún hefur leikið með Bach-sveitinni í Skálholti, Caput-hópnum, Kammersveit Reykjavíkur og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Guðrún hefur einnig unnið í Íslensku óperunni og með Íslenska dansflokknum. Guðrún hefur nýverið verið ráðin sem sambakkennari við Tónlistarskóla Kópavogs.

Tónleikarnir hefjast kl. 15:15.

- pbb

Heimsókn í Hveragerði

Í dag kl. 15 býður Borghildur Óskarsdóttir, annar höfundur myndlistarsýningarinnar sem nú stendur yfir í Listasafni Árnesinga, gestum upp á spjall um verk um og sýninguna. Þar gefst kærkomið tækifæri til þess að ræða við listamanninn um tilurð, framsetningu og inntak þess sem til sýnis er.

Myndlist og manneskjur, sögur úr sveitinni. Tveimur ólíkum listakönnum, Borghildi og Sigríði Melrós Ólafsdóttur, er teft saman á þessari sýningu og Hjálmar Sveinsson, hinn þekkti útvarpsmaður, er sýningarstjóri hennar. Myndlistarkonurnar vinna með samfélagstengt efni og verk þeirra eiga sérstaka skírskotun til svæðisins. Við fyrstu sýn virðast verk þeirra eiga fátt sameiginlegt enda eru þær hvor af sinni kynslóðinni og hafa unnið með ólík efni út frá ólíkum forsendum án þess að vita mikið hvor af annarri. En þegar verkum þeirra er teft saman skapast óvæntir snertifletir og spennu.

Borghildur nam við Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1959-60, Listaháskólann í Edinborg, Skotlandi 1961-63 og síðar lauk hún einnig prófi frá



Inga Jónsdóttir safnstjóri ásamt þeim stöllum og Hjálmar Sveinsson sýningarstjóra.

kennaradeild Myndlista- og handíðaskóla Íslands. Samhlíða vinnu við eigin listsköpun kenndi hún myndlist í tíu ár, aðallega við Myndlistaskólann í Reykjavík. Borghildur hefur einkum fengist við þrívíð verk og efniviður hennar hefur verið af ýmsum toga sem hæfir viðfangsefninu. Á löngum ferli hefur hún sýnt víða innanlands og erlendis svo sem í New York, Kanada, Þýskalandi, Póllandi og á Norðurlöndunum.

- pbb

Allir verði eitt

Í dag kl. 17 flytur tónlistarhópurinn Camerartica, ásamt Mörtu Halldórsdóttur sópransöngkonu, tónleika í Hallgrímskirkju undir yfirskriftinni „Sálmar og tónaljód“. Það verður frumflutt nýtt verk eftir Þorkel Sigurbjörnsson, „Allir verði eitt“, sem samið er við sálm í þýðingu föður Þorkels, herra Sigurbjörns



TÓNLIST Nýtt verk eftir Þorkel er flutt í dag í Hallgrímskirkju.

Einarssonar biskups. Önnur verk á efnisskránni eru „Sálmar á atómöld“ eftir Elinu Gunnlaugsdóttur sem samdi verkið fyrir Camerartica árið 2004 við ljóð Matthíasar Johannessens og Klarinettukvintett orgelleikarans og tónskáldsins Max Regers. Kvintettinn sem er op.146 var síðasta verk Regers, samið árið 1916 og er kvintettinn oft borinn saman við klarinettukvintetta Mozarts og Brahms enda svipar honum til þeirra hvað varðar form og uppbyggingu.

Tónlistarhópurinn Camerartica kemur nú í annað sinn fram á vegum Listvinafélags Hallgrímskirkju, en hópurinn flutti Kvartett um endalok

tímans eftir Olivier Messiaen í Hallgrímskirkju á afmælisári Listvinafélagsins 2007. Camerartica hefur starfað frá árinu 1992 um það leyti sem hljóðfæraleikararnir komu heim frá námi við tónlistarháskóla erlendis. Félagar hópsins hafa meðal annars leikið með Sinfóníuhljómsveit Íslands, kennt hljóðfæraleik við tónlistarskólana á höfuðborgarsvæðinu og komið víða fram sem einleikarar. Camerartica hefur sérstaklega vakið athygli og hlotið lofsamlega dóma fyrir flutning sinn á verkum Mozarts á árlegum kortaljósatónleikum í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og á strengjakvartettum Shostakovitch á tónleikum Kammermúsíklúbsins í Reykjavík. Hópurinn hefur leikið á Myrkum músíkdögum, Listahátíð í Reykjavík, Norrænum músíkdögum, Salisbury-hátíðinni í Bretlandi og gefið út geisladisk með verkum eftir W. A. Mozart. Camerartica var Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2005.

staklega vakið athygli og hlotið lofsamlega dóma fyrir flutning sinn á verkum Mozarts á árlegum kortaljósatónleikum í kirkjum á höfuðborgarsvæðinu og á strengjakvartettum Shostakovitch á tónleikum Kammermúsíklúbsins í Reykjavík. Hópurinn hefur leikið á Myrkum músíkdögum, Listahátíð í Reykjavík, Norrænum músíkdögum, Salisbury-hátíðinni í Bretlandi og gefið út geisladisk með verkum eftir W. A. Mozart. Camerartica var Tónlistarhópur Reykjavíkurborgar árið 2005.

- pbb

KOMMÚNAN

Fimmtudagur 27. mars
Föstudagur 28. mars
Laugardagur 29. mars
Fimmtudagur 03. apríl
Föstudagur 04. apríl

ALLRA SÍÐUSTU SÝNINGAR

Vesturport BORGARLEIKHÚSIÐ

ÁST Í samstarfi við Vesturport

30. mars - uppselt
3. apríl
4. apríl
10. apríl
11. apríl

17. apríl
18. apríl
23. apríl
24. apríl

SÖNGLEIKUR EFTIR
GÍSLA ÖRN GARDARSSON
OG VÍKING KRISTJÁNSSON

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is

Viðskiptafræðideild
University of Iceland School of Business

HÁSKÓLI ÍSLANDS

Meistaránám
Fjölbreytt, krefjandi og metnaðarfullt nám

Í Háskóla Íslands hefur nemandi í meistaranámi á sviði viðskiptafræði um fjölmarga kosti að velja og hann hefur einstakt tækifæri til að læra og eflast í virku samstarfi við góða kennara og frábæra samnemendur við bestu aðstæður.

Námsleiðir í meistaranámi:

- MS í fjármálum fyrirtækja
- MS í mannauðsstjórnun
- MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum
- MS í stjórnun og stefnumótun
- MS í viðskiptafræði
- M.Acc. í reikningshaldi og endurskoðun

Forkröfur fyrir MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskipti, MS í mannauðsstjórnun og MS í stjórnun og stefnumótun eru BS eða BA gráða frá háskóla. Forkröfur í MS í fjármálum fyrirtækja, MS í viðskiptafræði og M.Acc. í reikningshaldi og endurskoðun eru BS gráða í viðskiptafræði eða hagfræði.

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl.
Umsóknareyðublöð eru á vef Viðskiptafræðideildar, www.vidskipti.hi.is og á skrifstofu deildarinnar.
Skráningargjald er kr. 45.000 fyrir háskólaárið.

www.vidskipti.hi.is

Mannalæti

Ólafur Jóhannesson leikstjóri frumsýndi á föstudagskvöldið kvikmynd sína, Stóra planið, raunar sína fyrstu leiknu mynd þótt kaflar í bæði Blinderskerjum, Africa United og Rakel drottningu væru leiknir, eða uppsettir.

Stóra planið er spröttin í fárra ára gamalli stuttri skáldsögu eftir Þorvald Þorsteinsson sem sagði af gæjum sem lifðu á mörkum raunveruleika, í einhvers konar þykjustuheimi efna og drauma um glæsilegan ferilsemisindismenn. Þótt grindin af sögunni standi nánast ein eftir í kvikmyndinni er söguefnið það sama: rígfullorðnir menn (Ingvar og Benedikt Erlingsson eru engin unglömb lengur) hanga á diner í Heimunum og þykjast vera kaldir karlar með óskýrt stóran hóp af handbendum í kringum sig. Þar eru lægst settir Davíð sem Pétur Jóhann og þýskur langintes sem Stefan Schaefer túlkar. Þeir hafa sér til fulltingis alvöru ofbeldismann sem Zlatko Kricic sá um með fumlausum tókum.



sterk tók á leikurum. Jafnvel í atriðum þar sem menn í samtali vaða tóman reyk eins og er í flestum samtölum Davíðs og Haraldar, nágranna hans sem hefur löngu fyrr verið áhrifavaldur í lífi fjölskyldu Davíðs, tekst mönnum að halda þræði og athygli áhorfendans. Margt í strákslegum bófahasarnum er merkilega myndið. Annað eins og raunar allur leikur Hörpu Arnardóttur nær skyndilegum sorglegum tóni.

Myndin lítur frábærlega út þótt hún verði í órfáum atriðum ári stórkorna. Hljóðvinnsla er með ágætum. Tónlistin stórkostlegt samansafn úr öllum heimshornum. Klipping ekkert að missa sig í stæl eða hraða, dólar áfram eftir efninu.

Ansí langur brandari

Ög er þá ekki allt í sómanum, tómar stjörnur? Langir brandarar geta verið góðir haldi sögumaðurinn spennunni, máli sviðið, gefi persónum pláss. Þegar loksins kemur til þess að aulinn Davíð tekur af skarið og þykist vera mesti töfvarinn fær hann því miður ekki nægilegt rými í sögunni til þess að við njótum þess til fulls. Sigur hans verður þegar allt kemur til alls skammgóður vermir. Sem er synd. Pétur er einstakur kómíker þess utan að vera frábær skapgerðar-

KVIKMYNDIR

Stóra planið

Leikstjóri: Ólafur Jóhannesson. Aðalhlutverk: Pétur Jóhann Sigfússon, Ingvar E. Sigurðsson, Benedikt Erlingsson, Stefan Schaefer, Michael Imperioli og fleiri.

★★★

Skoplegur bófahasar gerður af leikstjóra á hraðri uppleið. Myndin er ansí langur brandari en vel þess virði að fólk flykkist á hana.

leikari á sínum þrönga bás. En þar sem Davíð í jakkafötum stoppar leiðtoga klkunnar af í miðju kafi: „Er þessi saga ekki farin að verða nokkuð löng Magnús minn?“ hugsaði þessi áhorfandi: „jú, þetta er ansí langur brandari og nú fer ég að vilja fá endaspertinn snarpan.“ En hann kom ekki.

Kannski er það bara í stíl við alla þessa lúserasögu, en hún sýnir aftur vandilega að leikstjórnin og hans lið er í hraðri framför, við eignum orðið glás af miðaldra og yngri leikurum sem ráða við form eins og þessi mannalæti og myndin er sannarlega þess virði að fólk flykkist á hana. Páll Baldvin Baldvinnson

SAMBIO.is SAMBIOIN
REYKJAVÍK • AKUREYRI • KEFLAVÍK • SELFOSS

STÓRA PLANIÐ
Kvikmynd eftir Ólafur Jóhannesson
NÁTTÚN INGLANDS/ETIÓPIA
PÉTUR JÓHANN SIGFÚSSON
EGGERT ÞORLEIFSSON
INGVAR E. SIGURÐSSON
BENEDIKT ERLINGSSON
MICHAEL IMPERIOLI

DIGITAL WWW.STORAPLANID.IS

| ÁLFABAKKA | | | | SELFOSS | | | |
|------------------------|-------------------------|---------------------------|----|----------------------|-----------------|----|--|
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 40-60-80-10:10 | 10 | STÓRA PLANIÐ | kl. 4-6-8-10:10 | 10 | |
| HANNA MONTANA | 3D-DIGITAL | kl. 2 (3D) | L | SEMI PRO | kl. 6 | 12 | |
| LARS AND THE REAL GIRL | kl. 5:50-8-10:10 | L | | SPIDERWICK | kl. 1:30-3:45-8 | 7 | |
| 10.000 BC | DIGITAL | kl. 5:40-8-10:30 | 12 | 10.000 BC | kl. 10:20 | 12 | |
| 10.000 BC | kl. 5:40-8-10:30 | VIP | | UNDRAHUNDURINN | ISL. TAL. kl. 2 | L | |
| HORTON M/ISL. TAL. | kl. 2-4-6 | L | | AKUREYRI | | | |
| THE BUCKET LIST | kl. 8-10:10 | 7 | | STÓRA PLANIÐ | kl. 4-6-8-10 | 10 | |
| UNDRAHUNDURINN | ISL. TAL. kl. 1:30-3:40 | L | | UNDERDOG | ISL. TAL. kl. 4 | L | |
| NO COUNTRY FOR OLD MEN | kl. 10:30 | 16 | | 10.000 BC | kl. 6 | 12 | |
| STEP UP 2 | kl. 1:30-3:40-5:50-8 | 7 | | SHUTTER | kl. 8 | 16 | |
| BÝFLUGUMYNDIN | M/ISL. TAL. kl. 2-4 | L | | THERE WILL BE BLOOD | kl. 10 | 16 | |
| KRINGLUNNI | | | | KEFLAVÍK | | | |
| STÓRA PLANIÐ | DIGITAL | kl. 2-4-6-8-8:30-10-10:30 | 10 | STÓRA PLANIÐ | kl. 8-10 | 10 | |
| HANNA MONTANA | 3D-DIGITAL | kl. 2 (3D)-4 (3D)-6 (3D) | L | THE EYE | kl. 8-10 | 16 | |
| JUNO | kl. 6-8-10 | 7 | | HORTON M/ISL. TAL. | kl. 2-4 | L | |
| UNDRAHUNDURINN | ISL. TAL. kl. 2-4 | L | | UNDERDOG M/ISL. TAL. | kl. 2-4-6 | L | |

Nýtt í bíó Sími: 553 2075 - bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ

450 kr. í bíó! Glíðir á allar sýningar merkjar með pabú!

| LAUGARÁSBÍÓ - SÝNINGARTÍMAR | | | |
|-----------------------------|------------------|----|--|
| THE EYE - POWER | kl. 6, 8 og 10 | 16 | |
| SPIDERWICK CRONICLES | kl. 2, 4, 6 og 8 | 7 | |
| HORTON - ISLENSKT TAL | kl. 2, 4 og 6 | L | |
| SEMI-PRO | kl. 4, 8 og 10 | 12 | |
| RAMBO | kl. 10 | 16 | |
| ÁSTRÍKUR Á OLYMPIULEIKUNUM | kl. 1.45 | L | |

NÝTT Í BÍÓ!

Frábær spennutryllir sem svikur engan!

THE OTHER BOLEYN GIRL
ERIC BANA, SCARLETT JOHANSSON OG NATALIE PORTMAN SYNJA STÓRLEIKI

THE EYE
ÞAÐ GETUR VERIÐ SKELFLEGT AÐ SJÁ

HORTON
Með íslensku og ensku tali

SPIDERWICK
VEL GERÐA ÆVINTÝRA- OG FJÖLSKYLDUMYND, MEÐ BETRI SLÍKUM UNÐANFARIN MISSERI! - VJ, TOPPS.IS/FBL

SHUTTER
FRÁ FRAMLÉIÐENDUM THE GRUDGE OG THE RING

HEIÐIN

SEMI-PRO

27 DRESSES

| SMÁRA BÍÓ SÍMI 564 0000 | | | | REGNBÖGINN SÍMI 9000 | | | |
|---------------------------|----------------------------|----|--|--------------------------|----------------------|----|--|
| VANTAGE POINT | kl. 1:30-3:45-5:50-8-10:10 | 16 | | VANTAGE POINT | kl. 3-6-8-10 | 16 | |
| VANTAGE POINT LÚXUS | kl. 1:30-3:45-5:50-8-10:10 | | | IN BRUGES | kl. 3-5:45-8-10:10 | 16 | |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 8-10:30 | 16 | | HORTON | kl. 3-6 ENSKT TAL | 7 | |
| SHUTTER | kl. 8-10 | 16 | | THE ORPHANAGE | kl. 8-10 | 16 | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 1-3:30-5:45 | 7 | | BE KIND REWIND | kl. 10:30 | | |
| HORTON | kl. 2-4-6 ENSKT TAL | 7 | | 27 DRESSES | kl. 3-5:30-8 | | |
| HORTON | kl. 2-4-6 ISLENSKT TAL | | | | | | |
| SEMI PRO | kl. 8-10:10 | 12 | | | | | |
| HÁSHÓLA BÍÓ SÍMI 530 1919 | | | | BORGAR BÍÓ SÍMI 462 3500 | | | |
| THE OTHER BOLEYN GIRL | kl. 3-5:30-8-10:30 | 10 | | VANTAGE POINT | kl. 8-10 | 16 | |
| THE EYE | kl. 8-10:10 | 16 | | LOVEWRECKED | kl. 8-10 | | |
| THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 3:40-5:50 | 7 | | THE SPIDERWICK CRONICLES | kl. 4-6 | 7 | |
| HORTON | kl. 4 ISLENSKT TAL | 7 | | HORTON | kl. 4-6 ISLENSKT TAL | | |
| HEIÐIN | kl. 6-10 | 7 | | | | | |
| THE KITE RUNNER | kl. 8-10:30 | 12 | | | | | |
| BRÚÐGUMINN | kl. 4-6-8 | 7 | | | | | |

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞU ÞORGAR BÍÓMANN MED KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÖNUM!

450 kr. HÁSHÓLA BÍÓ REGNBÖGINN 450 kr.

kl. 3.40 í Háskólabíó kl. 3 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 4 í Háskólabíó kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum kl. 3 í Regnboganum

Ódýrt í bíó

450 kr. á fyrstu sýningar dagsins

SparBíó 450kr
Á EFTIRTALDAR SÝNINGAR laugardag og sunnudag

29. og 30. mars

HORTON M/ISL. TAL. KL. 2 Í ÁLFABAKKA, OG Í KEFLAVÍK

UNDRAHUNDURINN M/ISL. TAL. KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA, 2 Í KRINGLUNNI, Á SELFOSSI OG Í KEFLAVÍK

BÝFLUGUMYNDIN KL. 2 Í ÁLFABAKKA

STEP UP 2 KL. 1:30 Í ÁLFABAKKA

Spears í sjónvarpið

Frammistaða Britney Spears sem gestaleikona í þáttunum *How I Met Your Mother* virðist ætla að verða til þess að blása nýju lífi í feril söngkonunnar. Á dögnum spurðist út að henni hefði verið boðið aðalhlutverk Blanche DuBois í leikriti Tennessee Williams, Sporgagninum Girnd, á West End í London, og nú greinir National Enquirer frá því að henni verði mögulega boðinn eigin sjónvarpsþáttur.

Yfirmenn á CBS-sjónvarpsstöðinni, sem framleiðir *How I Met Your Mother*, fannst Spears svo góð í hlutverki sínu að þeir velja því nú fyrir sér að hafa söngkonuna í aðalhlutverki í nýjum sjónvarpsþætti. Fyrst vilja þeir að hún snúi aftur sem móttökudama í *How I Met Your Mother*. „Britney stóð sig frábærlega sem sæta, fyndna móttökudama. Það voru engir áhorfendur á staðnum, manni leið vel á tókustaðnum og það gerði það að verkum að hún átti ekki í neinum vandræðum með að einbeita sér,“ segir heimildarmaður á CBS.



BLÆS LÍFI Í FERILINN
Frammistaða Britney Spears í þættinum *How I Met Your Mother* virðist vera að blása nýju lífi í feril hennar, en nú berast fregnir af því að henni verði boðinn eigin sjónvarpsþáttur á CBS.

Robbie vill kenna matreiðslu

Robbie Williams langar að gera matreiðsluþætti. Söngvarinn hefur að undanfögnu fengið kennslu í matreiðslu í einkatímum, og langar að sýna heiminum hæfileika sína í eldhúsinu, bæði með sjónvarpsþáttum og matreiðslubók. Vinir hans eru þó ekki alveg sannfærðir um að eldamennska Robbies eigi upp á pallborðið hjá öllum. „Vandamálið er að Robbie borðar ekki beinlínis heilsusamlegasta mat í heimi. Hver þarf kennslu í að elda hamborgara og franskar? Það er nokkurn veginn það eina sem hann hefur áhuga á,“ segir vinur söngvarans í viðtali við breska blaðið *The Sun*.

Þetta eru þó ekki einu merkin um nýfundinn áhuga Robbies á

matreiðslu því nýverið fréttist að hann og vinur hans, leikarinn Max Beesley, myndu taka þátt í sérstakri útgáfu af þættinum „*Ramsay's Kitchen Nightmares*“, þar sem hinn harðorði kokkur Gordon Ramsay er í aðalhlutverki. Félagarnir myndu þá vinna á veitingastað sem á í vök að verjast og reyna að snúa rekstrinum til hins betra, með leiðsögn Ramsays. „Ég er mikill áhugamaður um mat, svo ég hefði ekkert á móti einu af bræðisköstum Gordons,“ sagði Beesley nýverið.

ELDAVÉLIN LOKKAR Robbie Williams ku hafa fengið mikinn áhuga á því að gera eigin matreiðsluþætti og gefa út matreiðslubók, eftir að hafa fengið einkatíma í eldamennsku.



KIDDI BIGFOOT Óvíst er hvort Tunglið verði opnað um næstu helgi eins og fyrirhugað var. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Tafir hjá Tunglinu

Óvíst er hvort skemmtistaðurinn Tunglið verður opnaður næstkomandi laugardag eins og fyrirhugað var. Eftir að lokahátíð Gauks á Stöng var haldin á dögnum hafa breytingar staðið yfir vegna nýja staðarins og verða þær í fullum gangi næstu daga. „Við komumst að því hversu langt við komumst um helgina. Við sjáum til á mánudag eða þriðjudag,“ segir Kiddi Bigfoot, eigandi Tunglsins.

Mikil tímamót urðu í íslensku skemmtanalífi þegar Gauknum var lokað um síðustu helgi því hann hefur verið rekinn í 25 ár án þess að láta bilbug á sér finna. Nýi staðurinn, Tunglið, mun einblína á klúbbastemningu með stóru dansgólfi og öflugum græjum. -fb



KEVIN FEDERLINE Rapparinn Federline ætlar alltaf að vera til staðar fyrir Britney Spears.

Til staðar fyrir Britney

Kevin Federline segist alltaf ætla að vera til staðar fyrir fyrrverandi eiginkonu sína Britney Spears. Federline, sem hefur fullt forræði yfir börnunum þeirra tveimur, segir að Britney verði honum ávallt mikilvæg enda er hún móðir barnanna hans.

„Mér mun alltaf þykja vænt um móður barnanna minna og ég verð alltaf til staðar fyrir þau. Ég trúi því að með þeirri jákvæðu orku sem ég miðla af mér fái ég ennþá meiri orku til baka. Sambandið við börnin mín og fjölskyldu mun endast alla mína ævi og það finnst mér mikilvægast í lífinu,“ sagði Federline.

Meistaránám og doktorsnám við menntavísindasvið HÍ / KHÍ

MENNTAVÍSINDASVIÐ

www.khi.is



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Meistaránám »

Sérsvið í menntunarfræði:

- » fjölmening
- » fræðslustarf með fullorðnum – mannauðspróun
- » heimspeki menntunar
- » íslenska – íslenskukennsla
- » kennslufræði og skólustarf
- » listmenntun – listasaga – verkmenntun
- » mál og læsi
- » menntunar- og kennslufræði yngri barna
- » náttúrufræðimenntun
- » stærðfræðimenntun
- » upplýsingatækni og miðlun

Doktorsnám »

Menntunarfræði M.Ed. og M.A.

Sérkennslufræði M.Ed.

Stjórnunarfræði menntastofnana M.Ed.

Heimspeki menntunar M.A.

Íþrótt- og heilsufræði M.Ed. og M.S.

Proskapjálfafræði M.Ed.

Tómstunda- og félagsmálafræði M.Ed.

Alþjóðlegt nám í menntunarfræði/
International studies in education M.A.
(kennt á ensku)

Kennsluréttindánám á meistarastigi

Menntunarfræði Ph.D.

Umsóknarfrestur er til 15. apríl / Umsóknareyðublöð á www.khi.is og www.hi.is

> Mikið í boði fyrir mann leiksins

Körfuknattleikssambandið og stuðningsaðili deildarinnar Iceland Express bjóða upp á enn eina nýjung í tengslum við úrslitakeppnina þegar Keflavík tekur á móti KR í fyrsta leik liðanna í úrslitaeinvígi sínu um Íslandsmeistaratiðinn í dag. Eins og áður geta áhorfendur tryggt sér ferð með því að hitta úr Borgarskotinu milli leikhúta en nú fær einnig besti maður leiksins, valinn af sérstakri dómnefnd, ferð að launum með Iceland Express til eins af fjölmörgum áfangastöðum þeirra.



sport
sport@frettabladid.is

FLOSÚN VAKA JÓHANNESDÓTTIR, LANDSLIÐSKONA Í ÍSHOKKI: ÁTTI ÞÁTT Í 11 ÍSLENSKUM MÖRKUM

Búin læra mjög mikið á því að spila í Danmörku

Flosrún Vaka Jóhannesdóttir og félagar í íslenska kvennalandsliðinu í íshokki unnu alla fimm leiki sína í 4. deild heimsmeistarakeppninnar og tryggði sér sæti í 3. deildinni með glæsilegum hætti.

„Þetta er búíð að ganga frábælega og það er allt búíð að ganga upp hjá okkur og allt er bara æði,“ sagði Flosrún. „Erfiðasti leikurinn var þó á móti Nýja-Sjálandi í gær,“ sagði Flosrún þrátt fyrir að íslenska liðið hafi unnið hann 5-1. „Þetta var besti leikurinn okkar í mótinu og þær voru alveg miður sín og vissu ekkert hvað þær áttu að gera. Okkar lið hefur breyst mest frá því í fyrra og mér finnst eiginlega enginn vera búinn að ná framförum nema við,“ segir Flosrún í léttum tón. Hún er ánægð með þjálfarann sinn. „Við komum hingað í fyrra með Söruh Smiley sem þjálfara og hún er aftur með okkur núna. Það er mikið henni að þakka hvað við erum búnar að ná miklum framförum. Við erum með æðislegan þjálfara. Sem betur fer hlustuðum við allar á hana og

skilaboðin fóru inn í hausinn okkur öllum. Hún var reyndar svolítið hissa á því að allt myndi ganga upp því hún breytti varnarleikum í hverjum leik,“ segir Flosrún sem skoraði sex mörk og gaf fimm stoðsendingar í leikjunum fimm. „Ég held að ég hafi aldrei átt betri leik en á móti Nýja-Sjálandi. Ég er búin að vera í Danmörku í tvö ár og við erum búnar að vinna Danmerkurmeistaratiðinn bæði árin sem hefur líka verið frábært. Ég er búin að læra mjög mikið á því að spila í Danmörku en ég sakna samt alltaf gamla liðsins,“ segir Flosrún sem lék með Birninum áður en hún fór út til Danmerkur þar sem hún spilar með Herlevs ishockey Piger. „Ég var oft spurð úti hvernig ég héldi að þetta færi hjá okkur og ég svaraði alltaf að það væri aðalmálið hvernig stelpurnar eru að æfa heima. Þær hafa tekið framförum og það er allir í liðinu að leggja mikið í þúkíð og við erum komnar með mjög gott lið,“ segir Flosrún sem hefur þegar sett markmið um framhaldið. „Við ætlum okkur að halda Íslandi í 3. deildinni en það tekur okkur örugglega nokkur ár í viðbót að komast í næstu deild fyrir ofan,“ segir Flosrún en danska landsliðið er í 2. deild.



HVERJU SPÁ ÞÆR?

Hvernig fer úrslitaeinvígið?

Gréta María Grétarsdóttir, Fjölni
3-2 fyrir Keflavík
Hafrún Hálfánardóttir, Hamri
3-2 fyrir Keflavík
Kristrún Sigurjónsdóttir, Haukum
3-1 fyrir Keflavík
Signý Hermannsdóttir, Val
3-1 fyrir Keflavík

Hver má ekki klicka hjá Keflavík?

Gréta María: Kesha Watson
Hafrún: Kesha Watson, Margrét Kara Sturludóttir, Birna Valgarðsdóttir
Kristrún: Kesha Watson
Signý: Í Keflavík verða Kaninn og Pálína mikilvægastar. Kaninn stjórna sókninni og Pálína rifur upp vörmina.

Hver má ekki klicka hjá KR?

Gréta María: Candace Futrell
Hafrún: Candace Futrell, Hildur Sigurðardóttir og Sigrún Ámundadóttir
Kristrún: Candace Futrell má ekki klicka hjá KR og Hildur og Sigrún þurfa að skila sínu svo KR eigi möguleika.
Signý: Í KR er Hildur mikilvægust og ef hún á góðan dag þá vinnur KR. Að sjálfsögðu þarf Kaninn líka að skila sínu.

Hver slær í gegn í einvíginu?

Gréta María: Margrét Kara Sturludóttir, Keflavík
Hafrún: Hildur Sigurðardóttir, KR
Kristrún: Pálína Gunnlaugsdóttir, Keflavík eða Sigrún Ámundadóttir, KR
Signý: Margrét Kara Sturludóttir

Stöðvar KR sigurgöngu Keflavíkur?

Fyrsti leikur úrslitaeinvígis Iceland Express-deildar kvenna fer fram í Keflavík klukkan 16 í dag. Nýliðar KR heimsækja þá deildarmeistara Keflavíkur sem eru ósigráðir í fjórtán leikjum á heimavelli í vetur.

KÖRFUBOLTI Lokaúrslit kvenna hefjast í dag þegar Keflavík tekur á móti KR í Toyota-höllinni í Keflavík. Keflavík-liðið hefur unnið ellefu síðustu leiki sína í deild og úrslitakeppni og hefur jafnframt unnið alla fjórtán heimaleiki sína í öllum keppnum í vetur.

Þetta er aðeins í annað skiptið í sögunni sem nýliðar í deildinni komast svona langt í úrslitakeppninni en Breiðablik fór alla leið og vann Íslandsmeistaratiðinn á sínu fyrsta árið 1995. Breiðablik vann einmitt þáverandi deildarmeistara Keflavíkur 3-0 í lokaúrslitunum.

Bæði lið hafa innan sinna raða leikmenn sem hafa orðið Íslandsmeistarar með Haukum undanfarin tvö ár. Tveir þeirra voru í byrjunarliði Hauka þegar liðið tryggði sér titilinn síðasta vor, Pálína Gunnlaugsdóttir hjá Keflavík og Sigrún Sjöfn Ámundadóttir hjá KR. Auk Sigrúnar spilar Guðrún Ósk Ámundadóttir með KR en hún var líka með systur sinni í Haukum.

Sex leikmenn í liði Keflavíkur hafa þurft að sætta sig við silfrið undanfarin tvö ár. Þetta eru þær Birna Valgarðsdóttir, Rannveig Randversdóttir, Halldóra Andrésdóttir, Hrónn Þorgrímsdóttir, Margrét Kara Sturludóttir og Ingibjörg Elva Vilbergisdóttir. Þær tvær síðastnefndu eiga enn eftir að vinna stóran titil með Keflavík síðan þær komu þangað frá Njarðvík fyrir að verða þremur tímabilum síðan.

Hildur Sigurðardóttir kemur sjóðheit úr frábæru einvígi gegn Grindavík en henni hefur gengið illa gegn Keflavík í vetur. Pálína Gunnlaugsdóttir hefur nefnilega með góðri hjálpi félaga sinna haft gott tak á Hildi Sigurðardóttur í fjórum leikjum liðanna í vetur.



SPENNANDI EINVÍGI Pálína Gunnlaugsdóttir, hjá Keflavík (til vinstri) hefur haldið Hildi Sigurðardóttur niðri í leikjum liðanna í vetur. Nú er að sjá hvort Hildur breytir því en hún var frábær gegn Grindavík. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL OG VILHELM



vítanýtingu gegn KR í vetur sem er legra en gegn öðrum liðum en hún er mikill liðsmaður og þarf ekki að skora til þess að reynast andstæðingum sínum skeinuhætt.

Fréttablaðið fékk fjóra leikmenn sem hafa spilað í vetur til þess að spá fyrir um úrslitaeinvígið. Þetta eru þær Gréta María Grétarsdóttir, spilandi þjálfari Fjölnis, Hafrún Hálfánardóttir, leikmaður Hamars, Kristrún Sigurjónsdóttir, fyrirliði Hauka, og Signý Hermannsdóttir, leikmaður Vals. Gréta María hefur tvisvar orðið Íslandsmeistari með KR.

„Það verður athyglisvert að sjá hvort Pálinu takist að stöðva Hildi þar sem Hildur var að spila rosalega vel á móti Grindavík og lykll fyrir Keflavík að stöðva hana. Keflavík þarf einnig að leggja áherslu á frákostabaráttuna en Sigrún og Helga hafa verið góðar í fráköstunum fyrir KR,“ segir Gréta. „Ég reikna með að útflendingarnir eigi eftir að vege upp á móti hvor öðrum. Tel þó að útflendingurinn hjá Keflavík skipti þær meira máli þar sem framlag hennar til liðsins er mikið þó svo að hún skori ekki alltaf mest,“ segir Gréta sem vill sjá meira frá tveimur leikmönnum í Keflavíkurlíðinu.

„Hjá Keflavík er mikilvægt að þær Margrét og Ingibjörg nái sér á strik en mér finnst þær eiga talsvert inni. Spái því að Margrét nái sér á strik og komi mest á óvart,“ segir Gréta sem spár eins og hinar þrjár Keflavík sigri í einvíginu.

Leikurinn hefst klukkan 16.00 í Toyota-höllinni í Keflavík í dag. Það lið sem hefur unnið fyrsta leikinn í lokaúrslitum í sögu úrslitakeppni kvenna hefur orðið Íslandsmeistari í þrettán af fimmtán skiptum þar af undanfarin fimm ár. oo@frettabladid.is

N1 DEILD KARLA
Sunnudagur 30. mars
KA heimilið kl. 15:00
Akureyri - Afturelding
Ásvellir kl. 16:00
Haukar - Valur
Mýrin kl. 20:00
Stjarnan - HK

Boltinn er hjá okkur

| | | |
|--|--|-----------------------------------|
| Tottenham - M'boro 11.-13. apríl | Verð á mann 35.900 kr. | Tilboð! Flug og miði á leikinn |
| West Ham - Derby 18.-20. apríl | Verð á mann í tvíþýli 57.900 kr. | |
| Barcelona - Valencia 2.-5. maí | Verð á mann í tvíþýli 79.900 kr. | |
| Liverpool - Man. City 2.-4. maí | Verð á mann í tvíþýli 89.900 kr. | |

Innifalið: Flug m/sköttum og öðrum greiðslum, gisting á hotelli m/morgunverði og miði á leik.
Tottenham - M'boro: Flug m/sköttum og öðrum greiðslum og miði á leik.

Nánar á expressferðir.is eða í síma 5 900 100

Express ferðir
Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express

Robert Hodgson og lærisveinar hans eru einum sigri frá úrvalsdeildarsæti:

Valsliðið getur farið upp í kvöld

KÖRFUBOLTI Valsmenn geta tryggt sér sæti í Iceland Express-deild karla í kvöld þegar þeir taka á móti FSu í öðrum leik liðanna í úrslitaeinvígi úrslitakeppni 1. deildar karla. Valsmenn eru 1-0 yfir eftir 89-83 sigur í framlengdum fyrsta leik sem fram fór á Iðu á Selfossi.

Robert Hodgson átti stórleik í fyrsta leiknum eftir að hafa látið lítið fyrir sér fara í einvíginu á móti Ármanni/Þrótti. Hodgson skoraði aðeins fimm stig í tveimur leikjum undanúrslitaeinvígisins en var með 19 stig, 6 fráköst, 4 stoðsendingar og 4 stolna bolta í sigrinum á FSu. Hann hitti meðal annars úr 5 af 7 þriggja stiga skotum sínum.

Hodgson og lið hans eru enn ósigruð í úrslitakeppni 1. deildar karla því fyrir tveimur árum þá



7-0 Robert Hodgson hefur unnið alla leiki sína í úrslitakeppni 1. deildar karla. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

fór hann upp með Þór Þorlákshöfn sem vann þá alla fjóra leiki sína,

þar á meðal 2-0 sigur á FSu í undanúrslitunum.

Valur var í sömu stöðu í fyrra, vann þá nauman sigur í fyrsta leik en tapaði síðan næstu tveimur fyrir Stjórnunni sem fór upp. Ólíkt því þá eiga Valsmenn annan leikinn á heimavelli sínum.

FSu hefur aldrei spilað í úrvalsdeild og liðið er komið nær því en nokkurn tímann áður eftir að hafa dottið út úr undanúrslitum tvö síðustu ár. Liðið var komið 11 stigum yfir á tímabili í fyrsta leiknum og fékk mörg gullin færi til þess að klára leikinn í venjulegum leiktíma. Það tókst ekki og nú þurfa þeir að vinna í kvöld til þess að tryggja sér oddaleik í Iðu.

Leikurinn í kvöld hefst klukkan 19.15 og er í Vodafone-höllinni að Hlíðarenda. Það má búast við



Iceland Express



vörður

SPORT 2

enski boltinn



LIVERPOOL EVERTON



SPORT 2

Í DAG KL. 12:20
CHELSEA – MIDDLESBROUGH

SPORT 3

Í DAG KL. 13:55
TOTTENHAM – NEWCASTLE



TOM DALEY Evrópumeistari í flokki fullorðinna í dýfingum af tíu metra palli.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Breska dýfingarundrið:

Peking verður reynsluferð

DÝFINGAR Hið þrettán ára breska dýfingarundur Tom Daley segist ekki stefna á verðlaun á Ólympíuleikumum í Peking. Stefnan hjá honum sé enn sett á að vinna til verðlauna á ÓL í London 2012 og Peking verði ferð inn á reynslubankann.

Miklar væntingar eru gerðar til Daleys og verðlaun ekki talin fjarlægur möguleiki af sérfræðingum.

Daley varð nýlega Evrópumeistari í dýfingum af tíu metra palli í flokki fullorðinna og er þegar talinn á meðal bestu dýfingamanna heims.

- hbg

Topplið Hauka í N1-deildinni:

Ná þeir níu stiga forskoti á Val?

HANDBOLTI Topplið Hauka getur aftur náð átta stiga forskoti á Fram í N1-deild karla og nánast eytt um leið vonum Valsmanna um að verja Íslandsmeistaratitilinn sinn frá því í fyrra. Leikurinn er klukkan 16 á Ásvöllum í Hafnarfirði.

Valsmenn tryggðu sér titilinn á Ásvöllum í fyrra en tapi þeir leiknum í dag verða þeir níu stigum á eftir Haukum þegar aðeins tólf stig eru eftir í pottinum og raunhæfar vonir á að halda titlinum að engu orðnar.

Haukar hafa reyndar ekki náð að vinna Valsmenn í tæpa sjö mánuði eða síðan þeir unnu þá 23-20 í fyrstu umferð á Hlíðarenda 14. september. Síðan þá hafa liðin gert 22-22 jafntefli á Ásvöllum og Valsmenn hafa unnið Hauka tvisvar í Vodafone-höllinni, fyrst 23-22 í Eimskipsbikarnum og síðan 32-27 í síðasta deildarleik liðanna sem fram fór 1. febrúar síðastliðinn.

Til þess að vinna Val þurfa Haukar að finna leið framhjá Ólafi Hauki Gíslasyni í markinu sem hefur varið 52 skot frá þeim í síðustu tveimur leikjum.

Tveir aðrir leikir eru í deildinni í dag. Akureyri tekur á móti

Aftureldingu í KA-húsinu klukkan 15 og Stjarnan fær síðan nágranna sína í HK í heimsókn í Mýrina klukkan 20.

- óó



LOKAR MARKINU
Ólafur

Haukur Gíslason hefur varið 26 skot að meðaltali í síðustu tveimur sigurleikjum Vals á Haukum.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Dagný Linda Kristjánsdóttir og Björgvin Björgvinsson á Skíðamóti Íslands í gær:

Bæði með gull tvo daga í röð

SKÍÐI Dagný Linda Kristjánsdóttir frá Akureyri og Björgvin Björgvinsson frá Dalvík tryggðu sér bæði gull í svigi í gær á Skíðamóti Íslands daginn eftir að þau höfðu bæði unnið öruggan sigur í stórsvigi.

Dagný hefur átt erfitt uppdráttar í vetur enda verið meira og minna meidd og var það því mjög sterkt hjá henni að vinna báðar þessar greinar. Í stórsviginu varð hin unga og efnilega Tinna Dagnýsdóttir önnur en hún kemur einnig frá Akureyri eins og systir Dagnýjar, Katrín, sem varð þriðja. Katrín gerði enn betur í gær og varð þá í öðru sæti á eftir systur sinni en Selma Benediktsdóttir úr Ármanni í Reykjavík hreppi þá bronsverðlaunin.

Björgvin Björgvinsson vann báðar greinarnar með miklum yfirburðum en hann var rúmlega þremur sekúndum á undan Árna Þorvaldssyni úr Ármanni í stórsviginu og varð síðan tæpum þremur sekúndum á undan Gísla Rafni Guðmundssyni úr Ármanni í sviginu. Gísli Rafn varð í þriðja sæti í stórsviginu en Akureyringurinn Stefán Jón Sigurgeirsson varð þriðji í sviginu í gær.

Sólveig G. Guðmundsdóttir frá



Á FULLRI FERÐ Dagný Linda Kristjánsdóttir í sigurferð sinni í stórsvigi.

Ísafirði varð Íslandsmeistari í göngu með frjálsri aðferð en gengnir voru 5 km. Stella Hjaltadóttir varð önnur en Silja Rán Guðmundsdóttir þriðja. Þær koma báðar frá Ísafirði líkt og Sólveig. Stella sigraði í 5 km hefðbundinni göngu í fyrradag.

Sævar Birgisson frá Sauðárkróki varð Íslandsmeistari í göngu með frjálsri aðferð en hann var rúmum þremur sekúndum á undan Andra Steindórssyni frá Akureyri. Í þriðja sæti varð síðan Birkir Þór Stefánsson af Ströndum. Andri sigraði í 15 km hefðbundinni göngu í fyrradag en Sævar hafði unnið sprettgönguna á fyrsta degi.

- óó



BJÖRGVIN BJÖRGVINSSON Tvö gull.

FRÉTTABLAÐIÐ/GUÐMUNDUR



GAMAN Það var mikil stemning í íslenska liðinu í Rúmeníu.

FRÉTTABLAÐIÐ/MARGRÉT

Kvinnalandsliðið í íshokki:

Fengu fullt hús

ÍSHOKKI Íslenska kvinnalandsliðið vann 3-0 sigur á Eistlandi í lokaleik sínum í 4. deild heimsmeistarakeppninnar og endaði því með fullt hús og markatöluna 30-5 úr fimm leikjum sínum.

Ísland vann sér þar með sæti í 3. deild í fyrsta sinn en þetta var í þriðja sinn sem kvinnalandsliðið tók þátt í HM. Birna Baldursdóttir, Steinunn Sigurgeirsdóttir og Hanna Heimisdóttir skoruðu mörkin í lokaleiknum en Sólveig Smáradóttir var valin maður leiksins.

Varnarmaðurinn Anna Sonja Ágústsdóttir var valin besti leikmaður Íslands á mótinu en hún var jafnframt sóknjafnasti varnarmaður keppninnar.

-óó

LEIÐTOGAR VERÐA EKKI TIL FYRIR TILVILJUN

ÞJÓNUSTUÖRYGGI ATVINNUBÍLA B&L

- ▶ Stærsta atvinnubíladælið landsins
- ▶ Allir bílar með 3 ára ábyrgð
- ▶ Beint samband við framleiðanda
- ▶ Forgangur í þjónustu á verkstæði
- ▶ Ekkert vinnustopp. Við lánnum þér sambærilegan bíl ef atvinnubíllinn bílar.
- ▶ Traustur aðili = Örygg viðskipti

VERSLADU VIÐ ÁBYRGA AÐILA

www.renault.is

ATVINNUBÍLAR
FYRIRTÆKJAÞJÓNUSTA

www.atvinnubilar.is

RENAULT, LEIÐANDI MERKI Í ATVINNUBÍLUM Í EVRÓPU! Við þróun atvinnubíla hefur Renault að leiðarljósi notagildi, þægindi, sparneyni og öryggi. Notagildi, svo að atvinnubíllinn þinn nýttist við fjölbreytt verkefni dagsins; þægindi vegna þess að atvinnubíllinn er einnig vinnustaðurinn inn stóran hluta úr degi; sparneyni svo að atvinnubíllinn þinn sé hagkvæm rekstrareining og öryggi, vegna þess að þú verður að geta treyst þessu mikilvæga atvinnutæki þínu. Jafnframt getur skipt miklu máli hvaða þjónusta fylgir atvinnubílnum þínum. B&L atvinnubílar eru einn stærsti sölu- og þjónustuaðili atvinnubíla á Íslandi, meðal annars vegna þess að við leggjum metnað okkar í að veita viðskiptavinum okkar trausta þjónustu.

B&L ATVINNUBÍLAR
GRJÓTHÁLSI 1 - SÍMI 575 1200 - RÁÐGJAFASÍMI 575 1224/25 - WWW.BL.IS

ÚRSLITIN Í GÆR

Enska Úrvalsdeildin

| | |
|---|-----|
| BIRMINGHAM-MAN. CITY | 3-1 |
| 1-0 Mauro Zárate (39.), 2-0 Mauro Zárate (54.), 2-1 Elano (58.), 2-1 Elano (59.), 3-1 Gary McSheffrey (76.). | |
| BOLTON-ARSENAL | 2-3 |
| 1-0 Matthew Taylor (14.), 2-0 Matthew Taylor (43.), 2-1 William Gallas (63.), 2-2 Robin van Persie (68.), sjálfsmark (90.). | |
| DERBY-FULHAM | 2-2 |
| 1-0 Emanuel Villa (10.), 1-1 Diomansy Kamará (24.), 1-2 Hameur Bouazza (79.), 2-2 Emanuel Villa (80.). | |
| MAN. UNITED-ASTON VILLA | 4-0 |
| 1-0 Cristiano Ronaldo (17.), 2-0 Carlos Tevez (33.), 3-0 Wayne Rooney (53.), 4-0 Wayne Rooney (70.). | |
| PORTSMOUTH-WIGAN | 2-0 |
| 1-0 Jermain Defoe (32.), 2-0 Jermain Defoe (95.). | |
| SUNDERLAND-WEST HAM | 2-1 |
| 0-1 Fredrik Ljungberg (18.), 1-1 Kenwyne Jones (29.), 2-1 (90.). | |

STADAN:

| | | | | | | |
|---------------|----|----|----|----|-------|----|
| Man. United | 32 | 24 | 4 | 4 | 68-15 | 76 |
| Arsenal | 32 | 20 | 10 | 2 | 62-26 | 70 |
| Chelsea | 31 | 20 | 8 | 3 | 55-23 | 68 |
| Liverpool | 31 | 16 | 11 | 4 | 55-24 | 59 |
| Everton | 31 | 17 | 6 | 8 | 48-26 | 57 |
| Portsmouth | 32 | 15 | 8 | 9 | 46-33 | 53 |
| Blackburn | 32 | 13 | 11 | 8 | 42-38 | 50 |
| Aston Villa | 32 | 13 | 10 | 9 | 52-44 | 49 |
| Man. City | 32 | 13 | 10 | 9 | 37-37 | 49 |
| West Ham | 32 | 12 | 8 | 12 | 35-39 | 44 |
| Tottenham | 31 | 10 | 9 | 12 | 60-51 | 39 |
| Middlesbrough | 31 | 8 | 10 | 13 | 28-44 | 34 |
| Sunderland | 32 | 9 | 6 | 17 | 29-49 | 33 |
| Reading | 32 | 9 | 5 | 18 | 37-58 | 32 |
| Newcastle | 31 | 8 | 8 | 15 | 33-57 | 32 |
| Wigan | 32 | 8 | 7 | 17 | 28-47 | 31 |
| Birmingham | 32 | 7 | 9 | 16 | 38-49 | 30 |
| Bolton | 32 | 6 | 8 | 18 | 30-48 | 26 |
| Fulham | 32 | 4 | 12 | 16 | 29-53 | 24 |
| Derby | 32 | 1 | 8 | 23 | 16-67 | 11 |



DÝRMÆTT Cesc Fabregas átti stóran þátt í sigurmarki Arsenal sem heldur titilvön Lundunaliðsins lífandi.

NORDICPHOTOS/GETTY

Gréttar slapp úr svakalegri tæklingu

Bolton tapaði á heimavelli fyrir Arsenal þrátt fyrir að komast 2-0 yfir og vera manni fleira í 59 mínútur. Gréttar Rafn Steinsson komið mikið við sögu í leiknum. Derby féll úr deildinni eftir jafntefli við Fulham.


FÓTBOLTI Arsenal vann mikinn karaktersigur á Bolton, 3-2, í ensku úrvalsdeildinni í gær og er því enn með í baráttunni um enska titilinn en baráttan er búin hjá Derby sem varð fyrsta félagið í sögunni til þess að falla í marsmánuði.

Arsenal hafði ekki unnið í síðustu sex leikjum og útlitið var ekki bjart í hálfleik því liðið var þá komið 0-2 undir og var þegar búið að spila manni færra í 14 mínútur. Gréttar Rafn Steinsson kom mikið við sögu í leik Bolton og Arsenal á Reebok-vellinum en hann lagði upp fyrsta mark liðsins og Abou Diaby var síðan rekinn útaf með rautt spjald eftir mjög ljóta tæklingu á Gréttari. Arsenal skoraði hinsvegar þrjú mörk í seinni hálfleik og sigurmarkið var sjálfsmark hjá Jlooyd Samuel.

Diaby fékk rautt spjald fyrir að tækla Gréttar Rafn ekkert ósvipað og þegar Martin Taylor batt enda á leiktiðina hjá Eduardo. Sem betur fer náði Gréttar að hoppa upp og forðast það að Diaby tæklaði fótinn á meðan hann stóð á jörðinni. „Það var ekki ásetningur í þessu hjá honum en hann var með löppina of ofarlega þannig að við getum ekki mótmælt rauða spjaldinu. Mér finnst ekki hægt að bera þessar tæklingar saman því tækling Taylor var mikið hærri,” sagði Arsene Wenger, stjóri Arsenal, en það var miklu frekar heppni sem forðaði Gréttari frá því að stórslasast.

„Við erum allir reiðir okkur sjálfum því við frömdum hreinlega sjálfsmörð inni á vellinum. Liðið féll algjörlega saman eftir 64 mínútur. Við gáfum þeim fyrsta markið og fórum síðan á taugum í lokin,” sagði Gary Megson, stjóri Bolton.

„Ég er mjög stoltur af frammistöðu míns liðs. Við spiludum ekki illa í fyrri hálfleik en það var allt á móti okkur. Þeir skora úr fyrsta skoti sínu, við missum mann af velli og þeir skora síðan rétt fyrir hálfleik,” sagði Arsene Wenger. „Við gáfumst ekki upp og það var mikið andlegt próf að vera manni og marki undir þegar klukkutími var eftir af leiknum. Við gáfum allt í það að vinna leikinn því jafntefli var ekki nóg, aðeins þrjú stig voru ásattanleg,” bætti Wenger við.



ROSALEG TÆKLING Abou Diaby sést hér tækla Gréttar Rafn Steinsson í leiknum í gær og eins og sjá má þá mátti ekki miklu muna að illa færi fyrir okkar manni.

NORDICPHOTOS/GETTY

Jermain Defoe skoraði tvö mörk í 2-0 sigri Portsmouth á Wigan og hefur nú skorað átta mörk í fyrstu sjö leikjum sínum með liðinu. Hermann Hreiðars-son var í byrjunarliði Portsmouth en þurfti að yfirgefa völinn á 63. mínútu líklega vegna sömu meiðsla og sáu til þess að hann gat ekki spilað landsleikinn á móti Slóvakíu. Portsmouth er því enn í baráttu um Evrópusæti.

Harry Redknapp var sérstaklega ánægður með David James sem varði oft vel frá leikmönnum Wigan. „Þú verður að hafa toppmarkmann til þess að gera

eitthvað og hann er sá besti í dag. Fyrir mér þá er hann Ronaldo markvarðanna af því að hann gerir alltaf eitthvað sérstakt,” sagði Redknapp eftir leik.

Andy Reid tryggði Sunderland 2-1 sigur á West Ham með því að skora sigurmarkið á fimmtu mínútu í uppbótartíma. Útlitið er því gott fyrir Roy Keane og lærisveina hans með að halda sér upp í deildinni.

„Ég var mjög ánægður með að fá markið í lokin og mér fannst við eiga sigurinn skilinn,” sagði Roy Keane, stjóri Sunderland eftir leikinn.

Derby er fallið eftir aðeins 32 leiki en liðið hefur aðeins unnið einn leik og bara skorað 16 mörk. Það var ekki nóg að ná 2-2 jafntefli á móti Fulham.

„Þetta er búið að vera langt og hræðilegt tímabil. Þar sem við erum fallnir þá getum við farið að hugsa um næsta tímabili. Þetta er frábær klúbbur og með rétta leikmenn og rétt hugarfar þá getum við komið aftur upp,” sagði Paul Jewell, stjóri Derby. Derby þarf að ná fimm stig út úr síðustu sex leikjum til þess að sleppa við það að ná versta árangrinum í sögu ensku úrvalsdeildarinnar.

ooj@frettabladid.is

Manchester United er komið með sex stiga forskot eftir 4-0 sigur á Aston Villa:

Sýning Ronaldo heldur áfram

FÓTBOLTI Manchester United er á mikilli siglingu þessa dagana enda með portúgalska snillinginn Cristiano Ronaldo í sínu liði.

Ronaldo skoraði fyrsta markið, í 4-0 sigri á Aston Villa í gær, með óvæntri en stórglæsilegri hælspyrnu og lagði síðan upp sitt hvort markið fyrir félagi sína í United-sókninni; Carlos Tevez og Wayne Rooney. Áður en Rooney fékk þá stoðsendingu hafði hann sloppið í gegn og skorað sitt fimmtugasta mark fyrir félagið. United hefur þar með sex stiga forskot á Arsenal. United-liðið hefur nú unnið sex deildarleiki í röð.

„Mínir menn náði toppnum í síðustu viku og héldu sér þar í þessum leik. Okkur finnst við ekki vera komnir nærri titlinum en það fylgir því mikið sjálfstraust hvernig liðið er að spila og það er frábært að geta gert það á þessum tíma ársins. Það er bara kapphlaup framundan og þá er mikilvægt að ná upp stöðugleika og góðri einbeitingu. Þetta var ein besta frammistaðan hjá liðinu á tímabilinu,” sagði Sir Alex Ferguson eftir leikinn.

Wayne Rooney var ekki búinn að skora í síðustu sex leikjum en setti tvö í gær. „Ef ég segi alveg eins og þú heldt ég að hann myndi aldrei skora. En hann er svona framherji sem getur hrokkið í gang og skorað í sex til sjö leikjum í röð,” sagði Ferguson.



AUÐVELT Cristiano Ronaldo skoraði einstakt mark og fagnaði því á sérstakan hátt.

NORDICPHOTOS/GETTY

„Það hefur verið pirrandi að ná ekki að skora undanfarnar vikur og ég fékk líka gott færi áður en ég skoraði í dag. Það var því mjög ánægjulegt að skora þessi tvö mörk. Við komust nær titlinum með hverjum leik en við verðum að halda áfram að spila á okkar styrk og vona að það dugi,” sagði Rooney eftir leikinn.

Fyrsta markið í leiknum var snilldarlega útfærð hælspyrna frá Ronaldo úr miðjum teig en

þetta var 35. markið sem hann skorar á tímabilinu. „Ég áttáði mig ekki á því hvað hann hafði gert fyrr en ég sá endursýninguna. Þetta var stórbrotin afgreiðsla,” sagði Sir Alex um markið hans Ronaldo.

„Við eigum eftir sex leiki þar af fjóra þeirra á útivelli. En við erum að spila vel og erum búnir að laga markatöluna þannig að þetta lítur ágætlega út,” sagði Ferguson að lokum.

- 66j

20% afsláttur GLITNIR

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt eru kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

KVIKMYND EFTIR ÓLAF JÓHANNESSON

STÓRA PLANIÐ

NÆSTUM ÞVI GANGSTERMYND

9 HVER VINNIR!

SENDU SMS BTC SPV Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

Vinningar eru Bíómíðar fyrir tvo, DVD myndir, varningur tengdur myndinni og margt fleira!

WWW.STORAPLANID.IS



15 TÆKNIVILLUR Kobe Bryant hefur látið dómarana heyra það í vetur.

NORDICPHOTOS/XXX

Kobe Bryant hjá LA Lakers: Einni tæknivillu frá leikbanni

KÖRFUBOLTI Kobe Bryant skoraði 53 stig gegn Memphis Grizzlies en það var þó ekki til þess að koma í veg fyrir annað tap Los Angeles Lakers í röð. Fimm leikmenn Memphis skorðu yfir tíu stig og liðið vann 114-111 sigur.

„Við gerðum ekki það sem við eigum að gera í vörninni og eigum í miklum vandræðum með að halda okkur fyrir framan boltann. Við erum núna búnir að tapa fyrir tveimur liðum sem við mætum sem betur fer ekki í úrslitakeppninni,“ sagði Bryant eftir leikinn en hitt tapið var á móti Charlotte.

Kobe fékk tæknivillu í leiknum og má ekki fá aðra í síðustu níu leikjunum því þá fer hann í eins leiks bann.

Þetta var í 23. sinn á ferlinum sem Bryant skorar 50 stig eða meira en Lakers hefur unnið 16 af 23 leikjum sínum þegar Kobe er með svo mörg stig. - óó



TROY POLAMALU Gæti þurft að fara í klippingu fyrir næsta vetur.

NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

NFL-eigendur funda:

Verður sítt hár bannað í NFL?

NFL Eigendur NFL-liða munu funda um ýmis mál í næstu viku og meðal þess sem er á dagskránni er að taka afstöðu til þess hvort banna eigi leikmönnum að vera með sítt hár.

Kansas City Chiefs hefur lagt fram tillögu um að leikmönnum verði bannað að hafa hár sem nær yfir nafn leikmannanna á baki búninganna. Leikmenn verða ekki neyddir í klippingu og sleppa ef þeim tekst að troða hárinu innan í hjálminn sinn.

Nokkrir leikmenn í NFL-deildinni eru með mjög sítt hár og þeirra þekktastur er líklega Troy Polamalu hjá Pittsburgh Steelers en hárið á honum nær niður á mitt bak. Skal engan undra þar sem hann hefur ekki farið í klippingu síðan árið 2000.

Hann fékk að kenna illa á því að vera með sítt hár fyrir tveim árum síðan er hann var tæklaður illa á hárinu. Hann sá þrátt fyrir það enga ástæðu til að fara í klippingu en hann gæti þurft að hitta rakara ef þessi tillaga nær í gegn enda kemst allt þetta hár aldrei undir hjálminn. - hbg

205. derby-leikurinn á Merseyside milli Liverpool og Everton hefur enn meiri þýðingu en vanalega:

Berjast um fjórða Meistaradeildarsætið

FÓTBOLTI Það verður stórleikur á Anfield í dag þegar nágrannarnir Liverpool og Everton mætast. Leikurinn verður í beinni á Stöð 2 Sport 2 og hefst klukkan 15.00.

Það er alltaf mikið undir þegar þessi fornfrægu félag mætast en aldrei meira en einmitt nú þegar þau eru einnig í harðri keppni um fjórða sætið og þar með þátttökurétt í Meistaradeildinni á næsta tímabili. Félagin hafa mæst 204 sinnum, Liverpool hefur unnið 78 sinnum á móti 64 sigum Everton.

Liverpool er með tveggja stiga forskot þegar sjö umferðir eru eftir og því ljóst að úrslit leiksins í kvöld geta ráðið miklu um þróun mála á endasperttinum. Everton má alls ekki við því að tapa þessum leik en félagið hefur ekki unnið á Anfield síðan 1999. Liverpool vann umdeildan 2-1 sigur í fyrri leiknum á

HVERJIR FAGNA?

Fernando Torres, Steven Gerrard og Yakubu verða í stórum hlutverkum í dag.



Goodison Park þar sem Dirk Kuyt skoraði bæði mörk Liverpool úr vítaspjrynum.

„Við höfum undanfarin ár ekki veitt þeim eins mikla keppni og við vildum en nú öndum við ofan í háls málið þeirra. Það væri frábært að komast í Meistaradeildina og þessi leikur ræður miklu um það. Sigurvegarinn verður kominn í lykilstöðu og ég er viss um að það myndi gera útslagið fyrir okkur að vinna. Við erum mjög spenntir fyrir því að fá að spila í stóru keppninni eftir að hafa verið í Evrópukeppni í vetur,“ sagði David Moyes, stjóri Everton.

Bæði lið verða án lykilmanna í leiknum. Javier Mascherano hjá Liverpool tekur út leikbann í kjölfar rauða spjaldsins gegn Manchester United um síðustu helgi og þá er það ljóst að Tim Cahill hjá Everton verður ekki meira með í vetur. - óó

Vertu jákvæður - Njóttu lífsins

OPIÐ ALLA HELGINA

Laugard 10-18

Sunnudag 12-18



**POTTAR Á
GAMLA GENGINU**
Nú verður allt brjálað!!!

NÝ SENDING komin í hús.



Billiardborð

NÝ SENDING komin í hús

Svörtu billiardborðin
er **loksins** komin!



Arctic Spas Faxafeni 9 Sími 554 7755

www.arctic spas.is ath. Aðkoma í kjallara, bakhús.

> **Whoopi Goldberg**

Hin þrjú Whoopi heitir réttu nafni Caryn Elaine Johnson og er fædd árið 1955. Hún hatar að fljúga og ferðast þess vegna um öll Bandaríkin í rútu. Þessi fyrsti kvenkyns Óskarskynnir leikur í myndinni Moonlight and Valentino sem Stöð 2 býó sýnir í kvöld.



dagskrá



VIÐ TÆKIÐ FREYR GÍGJA GUNNARSSON STYÐUR ALAN SHORE

Pólítísk réttþugsun á bannlista Boston Legal

Pólítísk réttþugsun er landlægt vandamál í sjónvarpi. Framleiðendur sjónvarpsþátta virðast hafa bitið það í sig að varla sé hægt að framleiða sjónvarpsþátt án þess að öllum jarðarbúum verði gerð skil með einum eða öðrum hætti. Ekki megi gleyma múslimum ef kristnir séu í aðalhlutverki og best er auðvitað ef aðalpersónurnar væru kynlausar með öllu, skoðanalausar og aðhylltust öll trúarbrögð. Ef því er ekki að heilsa verður einn samkynhneigður að vera á móti fimm gagnkynhneigðum og að sjálfsögðu fléttulisti; jafnmargar aðal-konur og aðal-karlar.



SKEMMTILEGA SKRÍTNIR Alan Shore og Denny Crane halda uppi vörnum gegn pólítískri réttþugsun og móðgunargjörnum minnihluta.

Stöku sinnum rata hins vegar í sjónvarpið þættir sem blása á slíkar hefðir og telja það hlutverk sitt að skjóta niður forræðishyggu og réttþugsunina. Og þar fer löfgæðiskristofa Denny Crane og besta vinar hans, Alans Shore, fremst í flokki. Þeir kumpánar leika sér að því að skjóta

niður hverja amerísku bábiljuna á fætur annarrí og þeim stendur slétt á sama um hugsunarhátt lands sinna. Sem hafa útmálað sig í hlutverki boðbera frelsis en eru í raun og veru mesta þurítanapjóð heims. Lokaræður Shore í hverjum þætti troða hinum íhaldssömu stefnum valdamesta lands heims ofan í kokið á síðapostulunum og er þetta vafallítið eina afþreyingarefnið frá Ameríku sem stendur fyrir stjórmarandstöðu í sjónvarpi.

En Shore og Crane gera meira en bara benda á vitleysna sem virðist viðgangast þar vestra. Því Boston Legal tekur sér það bessaleyfi að gera grín að öllum: smávöxnum og stórum, feiturum og grönnum, konum og körlum, svörtum og hvítum. Enda er fátt jafn leiðinlegt og þegar fólk tekur fram fyrir hendurnar á minnihlutahópum – sem loksins fá sagðan um sig brandara – og móðgast fyrir þeirra hönd.

EKKI MISSA AF



▶ **12.20 Chelsea-Middlesbrough** STÖÐ 2 SPORT 2



▶ **13.05 Bikarúrlit í þýska handboltanum** STÖÐ 2 SPORT



▶ **19.40 Top Gear** SKJÁREINN



▶ **20.20 Mannaveiðar** SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00 Big Shots** STÖÐ 2

SJÓNVARPIÐ

08.00 Morgunstundin okkar Í nætur-garði, Brummi, Kólabræður, Landið mitt, Disneystundin, Alvöru dreyki, Síglidar teikni-myndir, Nýi skólinn keisarans, Frækir ferðalangar, Sigga ligga lá, Konráð og Baldur, Dalabræður

11.20 Annað líf Ástþórs
12.30 Silfur Egils
13.45 Jesúbúðirnar (Jesus Camp)
15.15 Meiri gusugangur (Splash, Too)
16.45 Mannaveiðar (1:4)
17.30 Tákn málsfréttir
17.40 Ég er sko engin skræfa
18.00 Stundin okkar
18.30 Spaugstofan
19.00 Fréttir
19.30 Veður
19.40 Sunnudagskvöld með Evu Maríu

▶ **20.20 Mannaveiðar** (2:4) Spennu-myndaflokkur í fjórum þáttum um eltingar-leik við íslenskan raðmorðingja. Handrit Sveinbjörns I. Baldvinssonar er byggt á sögunni Aftureldingu eftir Víktor Arnar Ingólfrsson.
21.05 Sunnudagsbíó - Epli Adams Dönsk verðlaunamynd frá 2005. Nýnasisti sem er dæmdur til samfélagsþjónustu í kirkju lendir upp á kant við sóknarprestinn.
22.40 Skíðamót Íslands 2008 Stutt samantekt um keppni dagsins á skíðamóti Íslands á Ísafirði.
22.55 Silfur Egils
00.10 Sunnudagskvöld með Evu Maríu
00.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok

BÍÓ

06.00 Wall Street
08.05 Moonlight And Valentino
10.00 Kinky Boots
12.00 Fat Albert
14.00 Wall Street
16.05 Moonlight And Valentino
18.00 Kinky Boots
20.00 Fat Albert
22.00 My Name is Modesty Ofurspennandi og ofursvöl hasarmynd úr smíðju Quentin Tarantinos byggð á vinsælum myndasögum.
00.00 Tristan + Isolde
02.05 Movern Callar
04.00 My Name is Modesty

STÖÐ 2

07.00 Barney og vinir
07.25 Ofurhundurinn Krypto
07.50 Fífi
08.00 Algjör Sveppi Sveppi sýnir meðal annarra teiknimyndirnar Könnuðurinn Dóra, Gordon Garðálfur, Refurinn Pablo og margar fleiri.
12.00 Hádegisfréttir
12.25 Neighbours (Nágrannar)
12.45 Neighbours
13.05 Neighbours
13.25 Neighbours
13.50 Bandið hans Bubba (8:12)
15.10 Flight of the Conchords (4:12)
15.40 Two and a Half Men (3:24)
16.05 Hæðin (2:8)
16.55 60 minutes (60 mínútur)
17.45 Oprah (Face Behind The Name)
18.30 Fréttir Stöðvar 2
19.10 Mannamál
19.55 Sjálfstætt fólk (Halla Linker - seinni hluti)
20.30 Pushing Daisies (7:9) Þættirnir eru einsonar nútíma ævintýri. Ævintýri um ungan mann sem allt frá barnaldri hefur búið yfir þeirri einstöku náðargift að geta vakið fólk til lífs með snertingunni einni. Vandinn er að vilji þeir sem hann lífgar við halda lífi, þá þarf að fóma öðru lífi á móti.
21.15 Cold Case (10:23)
▶ 22.00 Big Shots (4:11) Ný og spennandi þáttaröð sem lýsa maetti sem blöndu af Nip/Tuck og Desperate Housewives – nokkurs konar Aðþrengdir eiginmenn. Þættirnir fjalla um fjóra félaga sem allir eru sannkallaðir stórlaxar, stjórnumdur hjá stórfyrirtækjum. En þrátt fyrir að þeim gangi allt í haginn á framabrotinu þá gengur ekki allt af eins vel í einkalífinu, þar sem kröfurnar eru gjarnan óraunhæfar og ófgafullar, eins og allt annað í þeirra lífi.
22.45 Corkscrewed (8:8) Stórskemmtilegur þáttur fyrir alla sanna áhugamenn um vín og vínraekt.
23.10 Coma (Dásvefn)
00.55 Mannamál
01.40 Crossing Jordan (14:17)
02.25 Ripley's Game
04.15 Redemption. The Stan Tookie Williams story
05.45 Fréttir
06.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SPORT besta sætið

07.30 Veitt með vinum Ytri Rangá
08.00 Spænski boltinn (Betis - Barcelona)
09.40 Spænski boltinn (Villarreal - Atl. Madrid)
11.20 Iceland Expressdeildin 2008 Útsending frá leik Njarðvíkur og Snæfells í Iceland Express deildinni í körfuknattleik.
▶ 13.05 Þýski handboltinn (Bikarúrlit) Bein útsending frá bikarúrslitaleiknum í þýska handboltanum.
14.55 Wendy's Three Tour Challenge
16.25 Fréttarþáttur Meistaradeildar Evrópu.
16.55 Heimsmótariðin í póker
17.45 Inside the PGA
18.10 Formúla 1 (F1. Við endamarkið)
18.50 Spænski boltinn Bein útsending frá leik Real Madrid og Sevilla í spænska boltanum.
20.50 Zurich Classic Bein útsending frá lokadegi Zurich Classic sem fram fer í New Orleans. Í fyrra var það óþekktur kyflingur að nafni Nick Watney sem hrósaði sigri en það er ljóst að hann fær mikla samkeppni þetta árið.
00.00 Þýski handboltinn Útsending frá bikarúrslitaleiknum í þýska handboltanum.

SPORT 2 enski boltinn

07.40 Derby - Fulham
09.20 Man. Utd. - Aston Villa
11.00 4 4 2
▶ 12.20 Chelsea - Middlesbrough (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá leik Chelsea og Middlesbrough í ensku úrvalsdeildinni.
14.25 PL Classic Matches
14.50 Liverpool - Everton (Enska úrvalsdeildin) Bein útsending frá stórleik Liverpool og Everton í ensku úrvalsdeildinni.
17.15 Tottenham - Newcastle
18.55 Bolton - Arsenal
20.35 4 4 2
21.55 Liverpool - Everton
23.35 Birmingham - Man. City

SKJÁREINN

07.50 Vörutorg
08.50 MotoGP Bein útsending frá Jerez á Spáni þar sem annað mótið í MotoGP fer fram.
13.25 Rachael Ray (e)
14.10 Barbara Walters. 10 Most Fascinating People of 2007 (e)
15.00 Less Than Perfect (e)
15.30 Fyrstu skrefin (e)
16.00 America's Next Top Model (e)
17.00 Innlit / útlit (e)
18.00 Survivor. Micronesia (e)
19.00 The Office (e)
▶ 19.40 Top Gear (7:17) Skemmtilegasti bílabáttur í heimi. Félagarnir Jeremy Clarkson, Richard Hammond og James May skoða allt sem viðkemur bílum með hábeittum húmor í bland við alvarlega umfjöllun. Núna freista félagarnir þess að búa til langar limmósíur til að keyra fráega fólk á Brit verðlaunahátíðina. Richard prufukeyrir Shelby Mustang GT500 og lætur reyna á hestöflin.
20.40 Psych (9:16) Grunaður morðingja á flótta og Shawn og Gus gerast hausveidrarar en það getur reynst hættulegur bransi.
21.30 Boston Legal (9:14) Alan Shore og Denny Crane ráðast ekki á garðinn þar sem hann er lægstur og fara í mál við þjóðvarmariðið fyrir að aðstoða ekki fyrirtæki sem verð fyrir vatnstjóni í miklu óveðri. Barnabarn Shirley Schmidt vill fara í mál við skólann sinn eftir að hún er rekin úr skólanum fyrir að segja sína skoðun og staða Lorraine hjá fyrirtækinu er í uppnámi eftir að hún uppljóstrar um fortíð sína.
22.30 Dexter (11:12) Dexter verður að taka afdrifarká ákvörðun sem hefur áhrif á þá sem hann elskar mest. Lila gefst ekki upp og reynir að kúga Dexter.
23.30 Cane (e)
00.20 C.S.I. Miami (e)
01.10 Vörutorg
02.10 Óstöðvandi tónlist

SIJÓNVARP NORÐURLANDS

12:15 Magasínþáttur – mannlíf og menning á Norðurlandi. Samantekt umfallana vikunnar. Endursýnt á klukkutíma fresti til 10:15 á mánudag.



Dagskrá allan sólarhringinn.

MORGUNVAKTIN Á RÁS 1

– fyrst á fætur

06:00 - 09:00

Ljúfir tónar, skemmtilegt spjall og nýjustu fréttir alla virka daga



Í KVÖLD

STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 14.50

Liverpool-Everton

Það er gífurleg barátta um fjórða sætið í ensku deildinni sem gefur sæti í Meistaradeild Evrópu. Baráttan stendur á milli nokkurra liða en meðal annars berjast Liverpool og Everton um þetta mikilvæga sæti. Það hefur verið mikill stigandi í leik Liverpool í marsmánuði og ef liðið leikur eins og það hefur gert í mánuðinum þá er ljóst að Everton á ekki von á góðu. David Moyes hefur hins vegar sýnt snilli sína og hann þarf á allri sinni snilld að halda fyrir þennan mikilvæga leik.



▶ VIÐ MÆLUM MED

Sjálfstætt fólk

Stöð 2 kl. 19.55

Í kvöld verður sýndur seinni hluti viðtalsins við Höllu Linker, stúlkuna frá Hanfarfirði sem fór út í heim og varð skær stjarna í kvikmyndum vestanhafs. Hún ferðaðist með manni sínum Hal Linker um heiminn og saman unnu þau sjónvarpsþætti sem sýndir voru um gjörvalla heimsbyggðina. Við sjáum í þáttunum brot úr Íslandsmyndum Hal og Höllu Linker en önnur þeirra var tekin á sjöunda áratugnum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.30 Árla dags
06.40 Veðurfregni
08.00 Morgunfréttir
08.05 Morgunandakt
08.15 Tónlist á sunnudagsmorgni
09.03 Lárétt eða lóðrétt
10.05 Veðurfregni
10.15 Turgenjev og sögur hans
11.00 Guðspjónusta í Grensáskirkju
12.00 Hádegisútlarp
12.20 Hádegisfréttir
12.45 Veðurfregni
13.00 Gáru
14.00 Hvað er að heyra?
14.55 Baldur og hafmeyjan: Fyrri hluti
16.00 Síðdegisfréttir

16.08 Veðurfregni
16.10 Úr tónlistarlifinu
17.30 Úr gullkistunni
18.00 Kvöldfréttir
18.26 Seiður og hélog.
18.52 Dánarfregni og augýsingar
19.00 Útúr nóttinni... og inni daginn
20.00 Leynifélagið
20.30 Brot af eilífðinni
21.10 Orð skulu standa
22.07 Veðurfregni
22.12 Orð kvöldsins
22.15 Til allra átta
23.00 Andrarímur
00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks

16.25 Hollyoaks

16.50 Hollyoaks

17.15 Hollyoaks

17.40 Hollyoaks.

18.30 Falcon Beach

19.15 George Lopez Show, The (17:18)

19.40 Sjáðu Ásgeir Kolbeins kynnir allt það heitasta í bíóheiminum. Hvað myndir eru að koma út og hverjar eru aðalstjörnumar í bíóhúsunum? Ömissandi þáttur fyrir alla bíóáhugamenn.

20.05 Comedy Inc. (8:22) Sprenglæglægur ástralskur sketsaþáttur sem slær öllum öðrum við.

20.30 Special Unit 2 (14:19)

21.15 Extreme: Life Through a Lens

(8:13) Hér eru sagðar sögur stjarnanna í Hollywood í gegnum myndir sem hafa birst í stærstu fjölmiðlum og hafa haft áhrif á líf þeirra og feril.

22.00 Bandið hans Bubba (8:12) Einn stærsti viðburður Stöðvar 2 árið 2008. Rokk-órgurinn leggur allt undir í leit að sannri rokkstjörnu framtíðarinnar, einhverjum sem syngur á íslensku, fyrir íslenska rokkþjóð. Þátturinn verður úr beinni útsendingu og einn keppandi fellur úr leik hverju sinni, þar til eftir stendur nýr söngvari fyrir Bandið hans Bubba. 2008.

23.05 X-Files (15:24)

23.50 Falcon Beach

00.35 Tónlistarmyndbönd frá Skífan TV

BBC PRIME

10.00 The Weakest Link 11.00 First Flight 12.00 Land of the Tiger 13.00 Animal Camera 13.30 Animal Camera 14.00 Doctor Who 14.45 Doctor Who Confidential 15.00 The Weakest Link 16.00 EastEnders 16.30 EastEnders 17.00 I Knew John Lennon 18.00 Joe Louis: The Boxer who Beat Hitler 19.00 Janis Joplin: Southern Discomfort 20.00 Around the World in 80 Days 21.00 Around the World in 80 Days 22.00 Top Gear Xtra: The Best Of Top Gear Xtra 23.00 Top Gear Xtra 23.55 Top Gear Xtra 0.55 I Knew John Lennon 1.45 Joe Louis: The Boxer who Beat Hitler 2.35 Janis Joplin: Southern Discomfort

DR 1

11.00 SKUM TV 11.15 Flemmings Helte. De Luxe 11.35 Family Guy 12.00 Guðstjéneste í DR Kirken 12.45 Album 13.45 HåndboldSøndag: FCK - Kolding 15.30 Emil fra Lønneberg 16.00 Pippi Langstrømpe 16.30 TV Avisen med Sport 17.10 Landsbyhospitalet 18.00 Album 19.00 21 Søndag 19.40 SportNyt med SAS liiga 19.55 Miss Marple: Mordet i præstegården 21.30 Höök 22.30 Basehopping - sport í frít fald

NRK1

8.00 Mánáid-TV - Samisk barne-tv 8.15 Ein bit av Sverige 9.15 Riviera Cocktail 10.10 Knute på tråden 11.40 På Herrens mark 12.10 "Til jord skal du bli ..." 13.05 Virtuos 14.20 Den store klassefesten 15.20 Rally-VM 2008: Rally Argentina 15.30 Åpen himmel: Hverdagsgengler i Afrika 16.00 Barne-tv 16.30 Newton 17.00 Søndagsrevyen 17.45 Sportsrevyen 18.05 Fantastiske reiser: Fiskeørnas ferd 18.55 Enkje for eit år 20.40 Skiskytterfest fra Stryn 21.00 Kveldsnytt 21.20 Minner 22.20 Juristane 23.00 Uka med Jon Stewart 23.25 Norsk på norsk jukeboks

SVT 1

10.25 Tv-stjarnan 11.25 Uppdrag Granskning 12.25 Det svider i hjartat 13.25 I love språk 14.25 Världen 15.25 Förändrarna 15.55 Anslagstavlan 16.00 Bolibompa 16.30 Skärgårdsdoktor 17.30 Rapport 18.00 Andra Avenyn 18.30 Sportspegeln 19.15 Agenda 20.10 Skola för smarta 20.40 Framtidens fingeravtryck 21.10 Rapport 21.20 Rally-VM 22.10 Barnmorskorna 22.40 Kobra



M A N N A V E I Ð A R

2. þáttur í kvöld kl. 20:20

ÁÐALHLUTVERK: GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON | LEIKSTJÓRN: BJÖRN B BJÖRNSSON
HANDRIT: SVEINBJÖRN I BALDVINSSON | BYGGT Á BÓKINI AFTURELDING EFTIR VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON
KVIKMYNDATAKA: VÍÐIR SIGURDSSON | KLIPPING: SÆVAR GUÐMUNDSSON | TÓNLIST: VALGEIR SIGURDSSON

SJÓNVARPIÐ

HVAÐ SEGIR MAMMA?

„Þetta er bara ótrúlega skemmtilegt og ég er auðvitað eins og allar mömmur myndu vera, mjög stolt.“



Svo á ég von á því að heyra einhvern tímann mömmu-þakkaræðuna – „I want to thank my mother“ – þegar hún tekur á móti næstu verðlaunum.“

Hafís Vilhjálmsson, móðir kvikmyndaleikstjórans Veru Sólvaldóttur, sem hlaut á dögunum verðlaun sem Bjartasta von Skandinavíu.

HIN HLÍÐIN MAGNEA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR LEIKKONA

Hjátrúarfull eftir hentugleika

Hvað er að fréttu? Ég var að koma frá Túnis og er að fara að frumsýna leikritið Mammamma í Hafnarfjarðarleikhúsinu 11. apríl.

Augnáttur: Blár.

Starf: Leikkona og leiðsögumaður.

Fjölskylduhagur: Maður og barn.

Hvaðan ertu? Að vestan og sunnan.

Ertu hjátrúarfull? Stundum, þegar það hentar.

Uppáhaldssjónvarpsþátturinn: Fréttir á ruv.is í tölvunni og gott grín eins og Næturvaktin.

Uppáhaldsmatur: Maturinn hans Possa Kebab.

Fallegasti staðurinn: Rúmið mitt í augnablikinu, en ferðalög eru lífsnauðsynleg!

iPod eða geislasplari: Hvorugt.

Hvað er skemmtilegast? Að skellihlæja.

Hvað er leiðinlegast? Kvíði.

Helsti veikleiki: Freknur.

Helsti kostur: Freknur.

Helsta afrek: Dóttir mín og ferðalögin.

Mestu vonbrigðin: Ég er of ung til þess að eiga stór vonbrigði.

Hver er draumurinn? Hann er stórskemmtilegur og inniheldur vini mína og fjölskyldu.

Hver er fyndnastur/fyndnust? María Þórsdóttir.

Hvað fer mest í taugarnar á þér? Skoðanaleyssi.

Hvað er mikilvægast? Bros og b-in þrjú.



Sýningarréttur Nonna og Manna týndur

Sýningaréttur á sjónvarpsþáttaröðinni Nonni og Manni er ekki til á Íslandi. RÚV keypti hann á sínum tíma af þýsku framleiðslufyrirtæki sem nú er farið á hausinn og ekki liggur fyrir hvaða fyrirtæki ræður yfir honum núna. „Ef við vildum endursýna Nonna og Manna yrðum við að kaupa sýn-

ingarréttinn aftur,“ segir Þórhallur Gunnarsson, dagskrárstjóri RÚV. Nonni og Manni tilheyra því ekki gullkistu Ríkisútvarpsins sem var opnuð fyrir skömmu.

Aðstandendur Nonnahúss á Akureyri hafa í mörg ár barist fyrir því að fá þættina endursýnda í íslensku sjónvarp. Bent hefur verið á að þættirnir hafi mikið kynningargildi fyrir rithöfundinn sjálfan og safnið. „Margir af þeim erlendu ferðamönnum sem koma hingað láta þess getið í gestabókinni að þættirnir hafi kveikt áhuga á Nonna,“ segir Brynhildur Pétursdóttir, safnstjóri Nonnahússins.

„Ég held að ég verði að taka þetta alvarlega og beita mér fyrir þessu, að fá Nonna og Manna aftur heim,“ segir Ágúst Guðmundsson sem leikstýrði þáttunum um bræðurna. Ágúst reyndi sjálfur í þrjú ár að ná sambandi við þýsku framleiðslufyrirtækið sem á sýningaréttinn. Leikstjórinn vann þá fyrir tónleikahaldarann Samúel Kristjánsson sem vill gefa þættina út á DVD. Samúel staðfesti þetta í samtali við Fréttablaðið en sagði enn um langan veg að fara. „Við erum samt að vonast til þess það fari að hylla undir lokin á leitinni. Þessir þættir eiga auðvitað að vera til fyrir okkur Íslendinga.“

- fgg



BARA TIL Á ÞÝSKU Þættirnir um Jón Sveinsson eru bara til á þýskum DVD og hafa verið sýndir í hollenska sjónvarpinu.



SIGURJÓN ÞÓR FRÍÐÞJÓFSSON Sigurjón ætlar að sjá goðið sitt Bob Dylan í 39. sinn í Egilshöll 26. maí.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

SIGURJÓN ÞÓR FRÍÐÞJÓFSSON: 38 BOB DYLAN-TÓNLEIKAR AÐ BAKI

Dylan betri en gott kynlíf

„Dylan í stuði á tónleikum er betri en gott kynlíf,“ segir Sigurjón Þór Friðþjófsson, sem er einn fjölda Íslendinga sem hefur tryggt sér miða á tónleika Bob Dylan í Egilshöll í maí. Er það ekki í frásögur færandi nema að þetta verða 39. tónleikarnir sem Sigurjón sér með goðinu sínu.

„Ég sé hann eiginlega á hverju ári og fer örugglega aftur í júní í Evrópu, annaðhvort á Ítalíu eða í Tékklandi,“ segir Sigurjón, sem sá Dylan síðast í Amsterdam í fyrra.

Honum finnst þessi mikli Dylan-áhugi ekkert tiltökumál. „Það telst ekki merkilegt í þeim félagskap sem ég þekki úti í löndum. Það eru margir sem eru búnir að sjá hann tvö hundruð og eitthvað sinnum en ég held að 38 sé alveg nóg.“

Sigurjón barði Dylan fyrst augum á tónleikum á Wembley Arena 1987. „Það er ekki hægt að lýsa því. Blóð flæddi aftur til heil-

ans strax við fyrstu tónana,“ segir hann um upplifunina og útskýrir að engir tónleikar með honum séu eins. „Á tímabili var það blanda af kvíða og tilhlökkun að sjá hann því maður vissi ekki hvaða Dylan kæmi fram enda er hann svo „spontant“ tónlistarmaður. Ég hef oft sagt að maður hafi ekki séð hann á tónleikum fyrr en maður sjái hann nokkrum sinnum í röð.“

Sigurjón var vitaskuld á meðal gesta í Laugardalshöll 1990 þegar Dylan spilaði þar. Var hann sáttur við sinn mann þrátt fyrir að einhverjir séu ekki á sama máli. „Þeir mega alveg vera það. Mér fannst mjög gaman en ég var ekki ánægður með hljóminn í Höllinni. Ég var að vona að Dylan kæmi ekki aftur fyrr en nýja tónlistarhöllin væri tilbúin. Ég hef ekki farið á tónleika í Egilshöll en af lýsingunum að dæma er hljómurinn það helsta sem þarf að hafa áhyggjur af.“

Hann segist hafa heillast af Dylan um leið og hann heyrði hann í fyrsta sinn. „Sumir flla hann ekki strax og þurfa að venjast honum en þetta „klikkaði“ alveg um leið hjá mér. Sumir kvarta yfir röddinni en hún er það fyrsta sem ég féll fyrir. Mér finnst hann alveg stórkostlegur söngvari og hann hefur haft gríðarleg áhrif sem slíkur. Megas hefði aldrei byrjað að syngja án þess að hafa hann sem fyrirmynd, en ég vil taka það fram að ég er mikill Megasar-aðdáandi.“

Þrátt fyrir að sjá Dylan bráðum í fertugasta skiptið ætlar Sigurjón ekkert að slaka á klónni. „Það er of seint að fara að hætta þessu núna. Ég hlusta samt ekki eins mikið á hann og ég gerði áður fyrr. Það var meðvitund ákvörðun sem ég tók vegna þess að mér fannst þetta verið komið út í öfgar. Það verður að hafa þetta heilbriggt.“

freyr@frettabladid.is

Viltu skjól á veröndina?

Eigum við ekki að hætta þessari þrjósku.



www.markisur.com
Veðrið verður ekkert vandamál.



Markisur Fjárfestifélag

REX Dalbraut 3, 105 Reykjavík. Nánari upplýsingar í síma 567-7773 og 893-6337 um kvöld og helgar

Sara óttast bölvun í Mexíkó

Nú styttest í að leikritið Kommúnar, sem hefur gengið fyrir fullu húsi í Borgaleikhúsinu undanfarinn mánuð, verði sýnt í Mexíkó.

Alls verða sýningarnar sex talsins, þrjár á stórríki hátíð í Mexíkóborg og þrjár í Guatalajara, heimaborg Gaels Garcia Bernal sem fer með eitt aðalhlutverkanna. „Við förum út sjöunda apríl. Þá setur maður upp sólgleraugun og fer í sandalana,“ segir Sara Dögg Ásgeirsdóttir sem leikur eiginkonu Rúnar

Freys Gíslasonar í sýningunni. „Maður á víst að hafa allan varann á og taka því rólega fyrstu dagana þarna úti. Það er bæði svo heitt og svo er þetta svo hátt uppi. Ég held að maður verði líka svolítið að passa sig því ég hef heyrt talað um „Montesuma's Revenge“. Það var víst farið frekar illa með einn af síðustu höfðingjunum þarna og hann á að hafa lagt bölvun yfir landið. Ef þú færð í magann þegar þú kemur þangað þá er það „Montesuma's Revenge“. Ætli

maður verði ekki að taka með sér vætti frá Íslandi,“ segir Sara Dögg.

Þetta verður í þriðja sinn sem Sara kemur til Mexíkó en síðast kom hún þangað fyrir tólf árum. „En ég hef aldrei komið til Mexíkóborgar eða Guatalajara þannig að það verður skemmtilegt að prófa það. Svo er gott að hafa einn innfæddan með sem getur sagt manni hvert maður á að fara.“

Hún segist ekki vita hvernig hópurinn ætli að eyða frítíma sínum þessar tvær vikur sem dvölin stendur yfir. „Ég hef engar áhyggjur af að okkur eigi eftir að leiðast enda er þessi hópur af fólki heil skemmtinefnd. Ég hef miklu meiri áhyggjur af Montesuma's Revenge.“

- fb

ENGAR HÆKKANIR HÉR.

Gengi krónunnar hefur fallið og hækkanir hafa orðið á innfluttum vörum og eru enn frekari hækkanir boðaðar. Við hjá IKEA segjum stolt frá því að verðið á 2.901 vöru sem við lofuðum Íslendingum í vörulista okkar, útgefnum í ágúst 2007, er í fullu gildi. Og verður í fullu gildi allt fram í ágúst á þessu ári. Hvað sem krónan segir. Það köllum við verðöryggi.





BAKÞANKAR
 Davíðs Þórs
 Jónssonar

Salernishreinsi-efnaauglýsinga-fárið

Konan mín vann einu sinni á spítala. Af þeim sökum virðast því lítil takmörk sett hve ítarlega samræðurnar við kvöldverðarborðið geta fjallað um síðari stigu meltingarkerfisins, iðrastarfsemi og líkamsvessa án þess að hún missi matarlystina. Ég er viðkvæmari. Sem betur fer sýnir hún mér þó tillitssemi í þessum efnum þegar ég fer þess á leit við hana. Þessi viðkvæmni háir mér stundum, einkum þegar vinnudagurinn hefur dregist á langinn og ég freistast til að snæða kvöldverðinn fyrir framan sjónvarpið. Sjónvarpsauglýsingarnar sýna mér nefnilega alls ekki sömu tillitssemi og betri helmingurinn.

PEGAR umræðan um það hvort leyfa ætti áfengisauklýsingar eða ekki blossaði upp hér um árið, heyrði ég fullrytt að áfengisauklýsingar stuðluðu ekki að aukinni áfengisneyslu heldur færðu þær fyrst og fremst neysluna á milli tegunda. Þetta finnst mér sennilegt. Þetta kemur nefnilega heim og saman við kynni mín af drykkjuskap. Umhverfið hafði lítil áhrif á það hvort ég drakk – hins vegar gat það haft úrslitaáhrif á það hvað ég drakk. Ég held að þessu hjóti að vera svipað farið með ýmsan annan varning. Til dæmis dömubindi.

ÉG á erfitt með að ímynda mér að annað hafi áhrif á sölu dömubinda en fjöldi kvenna sem hefur á klæðum. Þetta ætti þó að mega staðfesta með tölfræði, því fyrir nokkrum árum dundi á þjóðinni slík bylgja dömubindaauklýsinga að engu var líkara en að þau væru orðin helsta neysluvara landsmanna. Þennan varning hafði ég aldrei séð auglýst-an fyrr, þeir sem á honum þurftu að halda vissu einfaldlega hvar hann var að finna. Einhver einn framleiðandi reið hins vegar á vaðið og auglýsti sitt vörumerki með þeim afleiðingum að allir aðrir þurftu að fylgja í kjölfarið til að halda velli.

OG nú er komið að salernishreinsiefnum. Það mætti hreinlega halda að einhver hvítleiður meltingarfaraður hafi lagst á hálfu þjóðina. Önnur hver auglýsing sýnir manni ofan í viðbjóðslegt skítaklósett. Ekki gott áhorf yfir kjötbollum í brúnni sósu!

ÉG sá í sjónvarpinu um daginn að það er víst afar óhollt að borða kvöldmat yfir sjónvarpinu. Það hvarflar því að mér að Lýðheilsustöð standi á bak við þessar auglýsingar. Þær hafa nefnilega gert það að verkum að ég er nánast steinhættur þeim ósið.



Barcelona



Frankfurt Hahn



Alicante



Varsjá



Eindhoven



Billund



Berlín

14 áfangastaðir í sumar

Bókaðu núna!

» Börn:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd með fullorðnum, fá helmingsskið af verði fyrir skatta og aðrar greiðslur.

Iceland Express býður flug til 14 áfangastaða í sumar, vítt og breitt um Evrópu. Bókaðu núna á www.icelandexpress.is

Iceland Express með ánægju



Stokkhólmur



London



Gautaborg



París



Basel



Kaupmannahöfn



Friedrichshafen

GÓÐAN DAG!
 Í dag er sunnudagurinn 30. mars, 90. dagur ársins.

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|-----------|-------------|--------|----------|
| Reykjavík | 6.52 | 13.32 | 20.14 |
| Akureyri | 6.34 | 13.17 | 20.02 |

Heimild: Almanak Háskólans